

# SEÐLABANKI ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA 1967  
REYKJAVÍK 1968

ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJA H. F.

## E F N I S Y F I R L I T

	Bls.
Skýrsla bankastjórnar .....	5
1. Þjóðarframleiðsla .....	5
2. Greiðslujöfnuður .....	8
3. Próun peningamála .....	12
4. Alþjóðleg efnahagssamvinna .....	18
5. Framkvæmdasjóður og fjárfestingarlánamál .....	20
6. Reikningshreyfingar Seðlabankans .....	26
7. Stjórn bankans o. fl. .....	28
Reikningar 1966 .....	31
Töflur .....	43



# SKÝRSLA BANKASTJÓRNAR

## 1. Þjóðarframleiðsla

Á árunum 1961 til 1965 hafði átt sér stað á Íslandi mikil og samfelld aukning útflutningsframleiðslu, er átti rætur að rekja bæði til vaxandi fiskafla og hagstæðrar verðþróumar á erlendum mörkum. Á árinu 1966 urðu veruleg umskipti í þessum efnum. Síðari hluta ársins kom fram mikil verðlækkun ýmissa mikilvægra útflutningsafurða, einkum síldarafurða og frysstra fiskflaka. Hafði þetta þá þegar áhrif til lækkunar á vöxt þjóðartekna, jafnframt því sem viðskiptajöfnuðurinn við útlönd versnaði. Allar vonir um það, að þessi óhagstæða þróun stöðvaðist eða snerist við á árinu 1967, urðu að engu. Í stað þess varð útflutningsframleiðsla þjóðarinnar fyrir stórfelldum nýjum áföllum, eftir því sem á árið leið, svo sem aflabresti á mikilvægum vertíðum, frekari verðlækkunum erlendis og lokun markaða. Pótt óhagstæð þróun almennrar eftirspurnar á heimsmörkuðum eigi hér tvímælalaust nokkurn hlut að máli, hefur jafnframt verið um að ræða samverkandi áhrif margra óskyldra þátta, er allir hafa stefnt í sömu átt. Leiddi þetta allt til þess, að verðmæti útflutningsframleiðslunnar lækkaði um 80% á árinu. Átti

lækkandi útflutningsverðlag mikinn þátt í þessu, en áætlað er, að það hafi lækkað um 12% að meðaltali miðað við árið 1966. Hins vegar varð 1—2% hækjun á innflutningsverðlagi, svo að viðskiptakjör munu hafa rýrnað um 13—14%.

Þessi mikla rýrnun útflutningstekna og viðskiptakjara hlaut að hafa gagnger áhrif á þróun framleiðslu og tekna hjá þjóð, sem er eins háð utanríkisviðskiptum og Íslendingar. Enda fór svo, að raunverulegar þjóðartekjur lækkuðu um 8,0% frá árinu 1966, en þar sem mikill hluti þess var vegna áhrifa versnandi viðskiptakjara varð lækkun þjóðarframleiðslunnar mun minni eða 1,5%, en árið áður höfðu bæði þjóðartekjur og þjóðarframleiðsla hækkað um svipað hlutfall eða um 3,5%. Hafa þjóðartekjur Íslendinga ekki orðið fyrir sambærilegu áfalli, síðan á kreppuárnum eftir 1930. Áhrif minnkandi útflutningstekna á þjóðarframleiðslu og þjóðartekjur hefðu þó orðið enn þá meiri, ef ekki hefði verið um að ræða á árinu 1967 miklar fjárfestingarframkvæmdir, er staðið var undir með fjármagnsinnflutningi. Einnig jafnaðist mikill hluti tekjurýrnunarinnar af greiðsluhalla ríkissjóðs og út-

lánaaukningu Seðlabankans og kom þannig fram í mikilli rýrnun gjaldeyris-forðans.

*Pjóðartekjur, pjóðarframleiðsla (verg) og verðmætaráðstöfun 1967  
(Bráðabirgðaáætlun)*

	<i>Raunverul. vöxtur i %</i>	<i>Millj. kr. frá fyrra ári</i>
Pjóðartekjur .....	23.760	÷8,0
viðskiptakjaraáhrif .....	—	÷6,7
Pjóðarframleiðsla .....	23.760	÷1,5
+ Innflutningur .....	10.150	3,9
÷ Útflutningur .....	7.800	÷7,9
Heildarverðmæti til ráð- stöfunar .....	26.110	5,3
<i>Ráðstöfun:</i>		
Samneyzla .....	2.425	5,4
Einkaneyzla .....	15.740	1,2
Fjárfesting (með birgða- breytingum) .....	7.945	13,0
<i>Geiraskipting fjárfestingar:</i>		
Atvinnuvegirnir .....	3.470	6,9
Íbúðarhús .....	1.900	8,3
Byggingar og mannvirki hins opinbera .....	2.490	24,5
Breytingar útflutnings- vörubirgða og bústofns	85	

Eins og fyrr greinir, lækkaði meðalverð útfluttra sjávarafurða um 12% á árinu 1967, og átti sú lækkun fyrst og fremst rætur að rekja til verðfalls á þremur mikilvægum flokkum afurða, síldarlýsi, er lækkaði um 20%, síldarmjöli, er lækkaði um 15%, og frystum fiskflökum, er lækkuðu um 16%. Verðlag á útflutnum landbúnaðarvörum lækkaði einnig eða um 8%. Á hinn bóginn hélt gott verð allt árið bæði á saltfiski og saltsíld. Til viðbótar verðfallinu komu svo sérstakir erfiðleikar, af því að skreiðarmarkaðurinn í Nígeríu lokaðist algerlega vegna borgarastyrjaldar þar í landi, og lá meginhluti skreiðarframleiðslu ársins, að verðmæti um 200 millj. kr., óseldur í árslok.

Við verðlækkun og söluerfiðleika er lendis bættust svo áhrif mikillar minnkunar sjávarafla miðað við undanfarin ár. Alls er sjávarafli á árinu 1967 áætl-aður 895 þús. tonn, en það er 344 þús. tonnum minna en árið áður. Er þetta 28% lækkun á magni, en þar sem megin-lækkunin kom fram á síldaraflanum, en þorskafl lækkaði tiltölulega lítið, varð verðmætislækkun sjávaraflangs nokkuð minni eða um 21% miðað við fast verðlag. Þegar við þetta bætist áðurnefnd 12% lækkun meðalútflutningsverðs frá árinu 1966, verður heildarniðurstaðan sú, að verðmæti framleiddra sjávarafurða hafi lækkað á árinu um 30%.

Þegar þess er gætt, að yfir 90% vöru-útflutningsins eru sjávarafurðir í ein-hverri mynd, en bein hlutdeild sjávar-útvegsins í pjóðarframleiðslunni hefur síðustu árin numið um einum fimmta hluta, hlaut þessi óhagstæða þróun að hafa gagnger áhrif á alla þætti pjóðarbúskaparins. Miðaði stjórn efnahags-mála á árinu að því að verjast afleiðingum þessara áfalla með tvennum hætti. Í fyrsta lagi var reynt að koma í veg fyrir hækjun framleiðslukostnaðar, en með verðstöðvun tókst að halda bæði verðlagi og kaupgjaldi stöðugu fram í nóvember-mánuð. Í öðru lagi var unnið að því að verja atvinnurekstur og fjárfestingar-starfsemi almennt fyrir skyndilegum samdrætti vegna tekjurýrnunar í sjávar-útveginum. Var á árinu haldið uppi miklum opinberum framkvæmdum, þar á meðal virkjanaframkvæmdum við Búrfell, jafnframt því sem aðgerðir í peningamálum voru við það miðaðar að koma í veg fyrir, að áföll atvinnuveg-anna hefðu í för með sér snöggan og al-varlegan samdrátt í atvinnustarfsemi.

Með þessum og öðrum aðgerðum í efnahagsmálum var að því stefnt á árinu að viðhalda viðunandi atvinnustigi samfara stöðugu verðlagi, án þess að meiri halli myndaðist á greiðslujöfnuðinum en hægt var að mæta með fjármagnsinnflutningi og ekki óhóflegri lækkun gjaldeyriseignar. Skilyrði fyrir því, að þessum markmiðum yrði náð samtímis voru fyrst og fremst fólin í því, að lækkun á verðmæti útflutningsframleiðslunnar á árinu yrði ekki nema 10—15%, eins og áætlunar, er gerðar voru snemma á árinu, bentu til. Eftir því sem á árið leið, versnuðu útflutningshorfurnar, og lækkun á verðmæti útflutningsframleiðslu varð, eins og áður segir, 30% á árinu. Komu áhrif þessarar þróunar fram með vaxandi þunga, eftir því sem á árið leið, samdráttur kom fram í tekjuþróun og eftirspurn, einkasparnaður og fjármagnsmyndun minnkadí og afkoma atvinnufyrirtækja og lausafjárstaða þeirra fór versnandi. Á móti þessum samdráttaráhrifum verkadí mjög, að nær 25% aukning átti sér stað á árinu í opinberum framkvæmdum, einkum vegna Búrfellsvirkjunar. Einnig varð um 8% aukning í íbúðarbyggingu og 7% í fjárfestingu atvinnufyrirtækja, en hún stafaði að miklu leyti frá fjárfestingarákvörðunum, sem teknar höfðu verið við hagstæðari aðstæður, en ekki varð breytt á skömmum tíma. Án

þessarar aukningar fjárfestingar og áhrifa þess tekjuhalla, er myndaðist hjá ríkissjóði á árinu, hefði vafalaust orðið enn meiri samdráttur almennrar eftirspurnar en raun ber vitni. Varð niðurstaðan sú, að einkaneyzla jókst á árinu um rúmt 1%, en það felur í sér svo til óbreytta neyzlu á mann.

Af þessari þróun mála leiddi, að rýrnun útflutningsteknanna umfram það, sem áætlað hafði verið, kom að mjög miklum hluta fram í auknum halla á greiðslujöfnuðinum og rýrnun gjaldeyriss töðunnar. Var því um haustið orðið ljóst að grípa þyrfti til nýrra efnahagsaðgerða, er stefndu meðal annars að því að koma á jöfnuði í fjármálum ríkisins með aukinni skattheimtu og lækkun útgjalda. Jafnframt voru þá gerðar ráðstafanir til að draga úr gjaldeyrisnotkun, m. a. til ferðalaga. Áður en séð yrði, að hve miklu leyti leysa mætti vandamálin á þessum grundvelli, breyttust viðhorfin vegna gengislækkunar sterlingspundsins, en það hlaut að öllu óbreyttu að skapa utanríkisverzlun Íslendinga enn ný vandamál. Var því ekki um annan kost að ræða en að breyta einnig gengi íslenzku krónunnar, og var nýtt stofngengi, er var 24,6% lægra en það gengi, er gilt hafði, ákvæðið af Seðlabankanum með samþykki ríkisstjórnarnar innar og tilkynnt hinn 24. nóvember.

## 2. Greiðslujöfnuður

Þróun greiðslujafnaðar og gjaldeyrirstöðu á árinu 1967 einkenndist af áhrifum hinnar óhagstæðu þróunar útflutningstekna, sem þegar hefur verið rætt um, en verðmætisrýrnun útflutningsframleiðslunnar mun hafa numið nálægt 30% miðað við árið 1966. Álíka rýrnun varð á verðmæti útflutnings, en verðmæti útflutningsvörubirgða lækkaði um 38 millj. kr. á árinu, þegar miðað er við verðlag birgða í ársbyrjun annars vegar og verðlag í árslok hins vegar. Eru þá 200 millj. kr. birgðir af skreið meðtaldar í árslok 1967, en allt er í óvissu um sölu þeirra og raunverulegt verðmæti.

Prátt fyrir hina miklu tekjurýrnun í útflutningsframleiðslunni varð ekki lækkun á almennum innflutningi á árinu í heild. Hins vegar dró smám saman úr innflutningi, eftir því sem á árið leið, ef miðað er við fyrra ár og óbreytt gengi. Í heild jókst innflutningur um tæp 4%, en sú aukning varð eingöngu vegna skipa og flugvél og framkvæmda við Búrfell.

Þessi óhagstæða þróun utanríkisviðskiptanna hafði að sjálfsögðu í för með sér mikinn halla á greiðslujöfnuði, eins og sjá má á meðfylgjandi bráðabirgðayfirliti um greiðslujöfnuðinn 1967, en þar eru einnig tilgreindar endanlegar tölur fyrir árið 1966.

Samkvæmt skýrslum Hagstofunnar var heildarhallinn á vöruskiptum við útlönd um 2.820 millj. kr. á árinu 1967, en þá er innflutningur reiknaður á c. i. f. verði, það er að meðtöldum flutningsgjöldum, tryggingum og öðrum inn-

flutningskostnaði. Í greiðslujafnaðarskýrslum er eðlilegt að reikna innflutning og útflutning á sama grundvelli, og er þá venja að reikna hvort tveggja á f. o. b. verði. Séu áætluð flutningsgjöld og annar innflutningskostnaður dregin frá innflutningstöllum Hagstofunnar, en við þær bætt kostnaði við lengingar á flugvélum og skipum, sem námu um 45 millj. kr., verður niðurstaðan sú, að vöruskiptajöfnuðurinn hafi orðið óhagstæður um nálægt 2.200 millj. kr. á árinu 1967. Er þá meðtalinn innflutningur skipa og flugvél með lengingum og innflutningur vegna virkjunarfram-


### Greiðslujöfnuður við útlönd.

	Bráða- birgða- yfirlit	1966	1967
<i>Vörur og þjónusta:</i>			
Innflutt skip og flugvélar	÷ 651	÷ 800	
Innflutt v/Búrfells .....	÷ 133	÷ 150	
Innflutt v/álbraðslu .....	—	÷ 120	
Aðrar innfluttar vörur ..	÷ 5.473	÷ 5.550	
 Innflutt alls	÷ 6.257	÷ 6.620	
Útflutningur .....	+ 5.983	+ 4.300	
 Vöruskiptajöfnuður .....	÷ 274	÷ 2.320	
Þjónustujöfnuður, nettó .	÷ 47	÷ 30	
 Viðskiptajöfnuður .....	÷ 321	÷ 2.350	
<i>Framlög án endurgjalds ..</i>	÷ 51	÷ 60	
 <i>Fjármagnshreyfingar:</i>			
Lántökur opinberra aðila, nettó .....	+ 246	+ 250	
Lántökur einkaaðila, nettó .....	+ 326	+ 230	
Erlent einkafjármagn ...	+ 13	+ 300	
Aðrar fjármagnshreyfing- ar nettó .....	÷ 157	+ 400	
 Fjármagnsjöfnuður ....	+ 428	+ 1.180	
Skekjur og vant, nettó ..	÷ 53	+ 160	
<i>Heildargreiðslujöfnuður ..</i>	+ 3	÷ 1.070	

kvæmda við Búrfell, en alls nam þetta um 950 millj. kr. 1967 á móti 784 millj. kr. 1966. Sé einnig meðtalinn innflutningur vegna álbræðslunnar í Straumsvík, en hann nam um 120 millj. kr. á árinu 1967, verður vöruskiptajöfnuðurinn óhagstæður um rúmlega 2.300 millj. kr.

Enn sem komið er, eru aðeins fyrir hendi lauslegar áætlanir um þjónustujöfnuðinn, en til hans teljast tekjur og gjöld af samgöngum, ferðalögum og tryggingum, vaxtagreiðslur, varnarliðsviðskipti o. fl. Samkvæmt bráðabirgðaáætlun er gert ráð fyrir um 30 millj. kr. halla á þjónustujöfnuði, og eru þá meðtalín tæplega 50 millj. kr. gjöld vegna álbræðslu. Viðskiptajöfnuðurinn í heild er því áætlaður óhagstæður um 2.350 millj. kr., ef viðskipti vegna álbræðslunnar eru meðtalín, en annars um nálægt 2.200 millj. kr.

Á móti hallanum á viðskiptajöfnuði ársins 1967 komu ýmsar fjármagnshreyfingar, er námu nettó um það bil helmingnum af hallanum á viðskiptajöfnuði. Helztu þættir fjármagnsjafnaðarins eru innkomin lán til lengri tíma en eins árs, endurgreiðsla slíkra lána, stutt vörukaupalán, fyrirframgreiðslur vegna skipa- og flugvélainnflutnings og ýmsar aðrar fjármagnshreyfingar. Af erlendum lántökum til eins árs eða lengri tíma voru alls notaðar um 1150 millj. kr. Þar af námu lántökur einkaaðila um 650 millj. kr., en þau eru að langmestu leyti vegna flugvéla- og skipakaupa. Lántökur opinberra aðila námu um 500 millj. kr., þar af meira en helmingur vegna virkjunar við Búrfell. Endurgreiðslur af fóstum lánum námu alls um 670 millj. kr., þar af um 420 millj. kr. af einkalánum, en 250 millj. kr. af opinberum



lánum. Samkvæmt þessum tölum, sem allar byggjast á bráðabirgðaáætlunum, hækkuðu föst erlend lán einkaaðila um 230 millj. kr., en opinber lán hækkuðu um 250 millj. kr. Heildarskuldir þjóðarbúsins í formi fastra lána hækkuðu þannig um 480 millj. kr. á árinu 1967 á móti 572 millj. kr. hækkun 1966. Stutt erlend vörukaupalán hækkuðu um 70 millj. kr. á árinu 1967, en árið áður hækkuðu þau um 119 millj. kr.

Innkomið erlent einkafjármagn til atvinnurekstrar nam um 300 millj. kr. í heild varð fjármagnsjöfnuðurinn hagstæður um nálægt 1.200 millj. kr., og verður því niðurstaðan sú, að heildargreiðslujöfnuðurinn, eins og hann kemur fram í gjaldeyrisviðskiptum bankanna, varð óhagstæður um 1.070 millj. kr. Er þetta í fyrsta skipti síðan 1959, sem heildargreiðslujöfnuður hefur verið óhagstæður. Allar framangreindar tölur eru miðaðar við gengi krónunnar, sem gilti fyrir 24. nóvember 1967, nema innog útflutningstölur fyrir desembermánuð.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjaldeyrisstöðu bankanna sl. þrjú ár, skipt á Seðlabanka og viðskiptabanka og enn fremur skipt á frjálsan gjaldeyri og vöruskiptagjaldeyri. Eru tölurnar umreiknaðar í íslenzkar krónur samkvæmt skráðu gengi í hver árslok.

### Gjaldeyrisstaða bankanna.

	I millj. kr.		
	1965	1966	1967
<i>Seðlabankinn</i>			
Frjáls gjaldeyrir og gull:			
Eignir .....	2.319	2.499	2.012
Skuldir .....	3	83	466
Frjáls gjaldeyrir, nettó ..	2.316	2.416	1.546
Vöruskiptareikningar:			
Eignir .....	28	26	63
Skuldir .....	276	214	93
Vöruskiptareikn., nettó ...	÷248	÷188	÷30
Nettóstaða Seðla- bankans .....	2.068	2.228	1.516
<i>Viðskiptabankar</i>			
Erlendar eignir .....	84	66	72
Erlendar skuldir .....	240	379	547
Viðskiptabankar, nettó ...	÷156	÷313	÷475
<i>Gjaldeyrisstaða bankanna</i>			
Frjáls gjaldeyrir .....	2.160	2.103	1.071
Vöruskiptareikningar ....	÷248	÷188	÷30
Alls	1.912	1.915	1.041

Vegna hinnar geysimiklu lækkunar á útflutningi á árinu 1967 og þar af leiðandi rýrnunar á gjaldeyrisstöðunni notfærði Ísland sér lántökumöguleika hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sem standa þátttökuríkjum til boða, þegar útflutningstekjur hafa lækkað verulega miðað við meðaltal ákveðins tímabils. Samið var um jöfnunarlán (compensatory financing), er nam  $\frac{1}{4}$  af framlagi Íslands til sjóðsins eða 214 millj. kr. miðað við núverandi gengi. Lántakan sjálf hefur hvorki áhrif á gjaldeyrisstöðuna nettó né á hreyfingu gjaldeyrisstöðunnar, þar

sem andvirði lánsins kemur inn í stöðuna, sem aukin gjaldeyriseign, en skuldin við sjóðinn færð á móti til skulda.

Í 3. töflu í töflusafni aftast í skýrslunni er nánara yfirlit um greiðslujöfnuðinn við útlönd á árunum 1963—1967, og í 4. töflu er yfirlit um gjaldeyrisstöðu bankanna síðan 1957.

Á árinu 1967 urðu engar meiri háttar breytingar á skiptingu innflutnings á lönd, frá því sem var árið áður. Nam innflutningur frá frjálgsgjaldeyrislöndum rúmlega 87% af heildarinnflutningi, þar af voru tæp 41% frá Fríverzlunarsvæðinu og um 24% frá Efnahagsbandalaginu. Að því er við kemur skiptingu útflutnings á lönd, var helzta breytingin sú, að hlutdeild vöruskiptalanda jókst úr rúmum 12% í tæp 18% af heildarútflutningi. Hlutdeild landa Efnahagsbandalagsins lækkaði úr rúmum 20% í tæp 15%, en hlutdeild landa Fríverzlunarsvæðisins jókst nokkuð og nam á árinu 1967 tæpum 45% af heildarútflutningi. Á 5. töflu er innflutningi og útflutningi sl. fjögur ár skipt á lönd.

*Viðskiptasamningar.* Á árinu 1967 voru engir nýir viðskiptasamningar gerðir, en undirritaðar bókanir um viðskipti við Tékkoslóvakíu og Pólland, hvort tveggja á grundvelli gildandi viðskiptasamninga.

Vöruskiptasamningar á jafnvirðis-kaupagrundvelli voru í gildi á árinu 1967 milli Íslands og eftirtalinna landa: Brasilíu, Rúmeníu, Rússlands og Ungverjalands, auk samnings við Austur-Pýzkaland, sem byggður er á einkaviðskiptum.

Auk framangreindra samninga voru almennir viðskiptasamningar í gildi við

eftirtalin lönd á árinu 1967: Bandaríkin, Bretland, Búlgaríu, Danmörku, Finnland, Frakkland, Írland, Ísrael, Júgoslavíu, Kúbu, Spán, Svíþjóð og Vestur-Pýzkaland.

*Gengisbreyting.* Stofngengi íslenzku krónunnar var frá ársbyrjun til 24. nóvember 1967 43,00 kr. í einum Bandaríkjadollar eða óbreytt síðan 4. ágúst 1961. Hinn 18. nóvember 1967 var gengi sterlingspundsins lækkað um 14,3%. Daginn eftir, þ. e. 19. nóvember, ákvæð Seðlabankinn að fella niður skráningu erlends gjaldeyrис og að stöðvuð skyldu gjaldeyrисviðskipti bankanna, á meðan athuguð væru áhrif af fellingu sterlingspundsins og þar af leiðandi breytt viðhorf í efnahagsmálum. Á næstu dögum eftir lækkun sterlingspundsins breyttu allmargar þjóðir gengi á gjaldmiðli sínum gagnvart bandarískum dollar.

Brátt varð því ljóst, að það mundi valda útflutningsatvinnuvegunum óbærilegri tekjurýrnun, ef gengi íslenzku krónunnar yrði óbreytt, bæði vegna þess að um það bil þriðji hluti útflutnings Íslendinga fer til landa, sem fellt hafa gengi á gjaldmiðli sínum, og að auki er mikill hluti af útflutningi til annarra landa ákvæðinn í sterlingspundum. Breyting á gengi krónunnar varð því ekki umflúin, og jafnframt var ljóst, að ætti gengisbreytingin ein að verða útflutningsatvinnuvegunum nægileg aðstoð í þeim miklu örðugleikum, sem að þeim hafa steðjað að undanförnu, þyrfti lækkun krónunnar að verða allmiklu meiri en lækkun sterlingspundsins.


Hinn 24. nóvember 1967 ákvæð Seðlabankinn, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að nýtt stofngengi (par-

value) íslenzkrar krónu skyldi vera 57,00 kr. hver bandarískur dollar, en það er 24,6% lækkun frá því stofngengi, sem áður gilti. Gengisskráning fyrir einstakar myntir var birt að morgni 27. nóvember, og hófust gjaldeyrисviðskipti bankanna því að nýju við byrjun af greiðslutíma þeirra þann dag.

Í samræmi við hið nýja stofngengi íslenzkrar krónu, 57,00 kr. á dollar, og gullverð í New York, 35 dollarar fyrir hverja „troy ounce“ af skíru gulli, var gildi íslenzkrar krónu miðað við gull ákvæðið þannig: Verð einnar „troy ounce“ (þ. e. 31,1035 grömm) af skíru gulli 1.995,00 kr. eða 1,00 kr. = 0,0155907 grömm af skíru gulli. Samkvæmt peningalögnum frá 1875 voru 0,4032258 grömm af skíru gulli í einni krónu. Gullgildi krónunnar er því nú 3,86649% af upphaflegu gullgildi, og jafngilda nú 100 gullkrónur 2.586,32 krónum.

Eftir að Seðlabankinn hafði tilkynnt nýtt stofngengi íslenzku krónunnar, samþykkti Alþingi lög nr. 69 25. nóvember 1967 um ráðstafanir, sem taldar voru nauðsynlegar vegna ákvörðunar um nýtt gengi krónunnar. Þessar ráðstafanir eru að verulegu leyti hliðstæðar þeim ráðstöfunum, sem gerðar voru í sambandi við gengisbreytingarnar 1960 og 1961. Mikilvægustu ákvæði laganna eru um meðferð gengismunar af erlendum eignum og skuldum bankanna vegna gengisbreytingarinnar og að greiða skuli útflytjendum útfluttra afurða, sem framleiddar eru fyrir árslok 1967, á því gengi, sem gilti fyrir 19. nóvember 1967.

Sérstakur reikningur, gengisbreytingarreikningur, var stofnaður í Seðlabankanum, og á þann reikning færður sá



gengismunur, sem fram kom hjá þeim bönkum, er verzla með erlendan gjaldeyri, með tilliti til erlendra eigna og skulda viðkomandi banka. Þá voru í lögum unum ákvæði um að færa á gengisbreytingarreikning eftirstöðvar reikninga vegna gengisbreytinganna 1960 og 1961. Færslum á gengisbreytingarreikning var ekki að fullu lokið á árinu 1967, en í árslok nam fjárhæð hans 221 millj. kr.

Mismunur á andvirði skilaðs gjald-

eyris á eldra genginu og nýja genginu, vegna útfluttra afurða framleiddra fyrir árslok 1967, er færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Fé, sem á reikninginn kemur, er með sérstökum lögum ráðstafað í þágu þeirra atvinnuvega, sem eiga viðkomandi afurðaandvirði. Til ársloka 1967 höfðu verið færðar á þennan reikning 96 milljón krónur vegna sjávarafurða og 10 milljón krónur vegna landbúnaðarafurða, en endurgreiddar höfðu verið 4 millj. kr.

*Gengisskráning.* Á árinu 1967 var gengi krónunnar gagnvart Bandaríkjadollar fast, þannig að fram til 18. nóvember var kaupgengi 42,95 kr. og sölugengi 43,06 kr. hver dollar, en frá 27. nóvember var kaupgengi skráð á 56,93 kr. og sölugengi á 57,07 kr. Gengi á öðrum friálsum gjaldeyri var hins vegar breytilegt eftir gengi viðkomandi gjaldeyris gagnvart dollar. Ellefta tafla sýnir skráningu einstakra mynta í lok hvers mánaðar 1967.

### 3. Þróun peningamála


Hinn mikli samdráttur útflutnings- og þjóðartekna, sem varð á árinu 1967 og lýst hefur verið hér að framan, hafði að sjálfsögðu mikil áhrif á peningamarkaðnum. Þessi óhagstæða þróun hafði hafizt þegar á síðari hluta árs 1966, er stöðnun varð í vexti útflutningsframleiðslunnar og verðlækkjanir útflutningsafurða gerðu vart við sig.

Leiddi það þá til þess, að mjög dró úr aukningu innlána hjá innlásstofnunum, en þar sem ekki tókst jafnframt að draga úr útlánum rýrnaði lausafjárstaða þeirra, og var hún orðin afar óhagstæð í upphafi ársins 1967. Jafnframt dró úr vexti peningamagns í höndum fyrirtækja og almennings.

Á árinu 1967 jukust erfiðleikarnir á

peningamarkaðnum ört, og var orsakanna fyrst og fremst að leita í samdráttaráhrifum þeim, er lækkun útflutningsverðmætisins hafði í för með sér. Atvinnufyrirtæki, sérstaklega í sjávarútvegi, áttu við vaxandi lausafjárerfiðleika að etja á árinu, og var um að ræða versnandi afkomu fyrirtækja almennt og jafnvel alvarlegan taprekstur í sumum greinum. Það gerði lausafjárerfiðleika þessa þeim mun meiri, að fjöldi fyrirtækja og einstaklinga höfðu á árnum 1965 og 1966 lagt í mikla fjárfestingu, er ekki varð snúið aftur með og kom til framkvæmda á árinu 1967. Stöðnun í almennum tekjum og ótryggara efnahagsúlit hafði jafnframta bein áhrif á almennan sparnað og sparifjármynndun, og dró þetta mjög úr innlánsaukningu bankakerfisins, jafnframta því sem eftirspurn eftir lánsfé hélt enn mikil vegna greiðsluerfiðleika fyrirtækja. Varð útlánaaukning bankanna á árinu langt umfram ráðstöfunarfé þeirra, og hafði það í för með sér mikið peningaútstreymi úr Seðlabankanum. Þessir sömu erfiðleikar komu einnig fram í fjárhag fjárfestingarlánastofnana, sem gátu ekki aflað nema hluta þess fjármagns, sem þær höfðu skuld-bundið sig til að lána á árinu 1967. Versnaði því einnig staða þeirra gagnvart Seðlabankanum mjög verulega á árinu. Loks átti sér stað á árinu stórfelld breyting til hins verra á fjárhagi ríkissjóðs, og komu þar til áhrif aukinna útgjalda vegna niðurgreiðslna til að halda niðri vörverði og vegna erfiðleika sjávarútvegsins, jafnframta því sem tekjuöflun varð lakari en við hafði verið búið.

Hið mikla peningaútstreymi vegna




versnandi stöðu bankanna, fjárfestingarlánaþjóða og ríkissjóðs gagnvart Seðlabankanum kom að mestu leyti fram sem rýrnun gjaldeyrisstöðunnar. Hafði Seðlabankinn því erfiða hlutverki að gegna að reyna að sporna við hinni alvarlegu rýrnun gjaldeyrisforðans með peningalegu aðhaldi, jafnframta því sem hann leysti úr óhjákvæmilegum vanda-málum peningastofnana og atvinnulífsins almennt vegna versnandi lausafjárstöðu og rekstrarerfiðleika. Á móti þeim þensluáhrifum, sem í þessum viðskiptum Seðlabankans fólust, en nánari grein verður gerð fyrir þeim hér á eftir, komu svo samdráttaráhrif af umframsölu bankans á erlendum gjaldeyri og almenn áhrif breyttrar tekjuþróunar.

Varð heildarniðurstaðan sú, að samdráttur varð á árinu á peningamagni í heild, og urðu þau áhrif sterkt, eftir því sem á árið leið. Lækkaði peningamagnið, þ. e. a. s. seðlar og óbundin velti-innlán í höndum einkaaðila, um 6,5% á árinu, en það hafði hækkað um 5,1% 1966 og 24,8% 1965. Seðlaveltan minnk-

aði einnig, og varð lækkunin á árinu 4,8%, en árið áður hafði seðlamagnið aukizt um 6,5% og um 31,1% árið 1965.

Verður nú nánar vikið að einstökum þáttum í þróun peningamála á árinu 1967 og þá fyrst vikið að inn- og útlánnum banka og sparisjóða.

Aukning sparifjár varð 8,8%, sem er mun minna en áður, annað árið í röð, og aðeins rösklega helmingur aukningarnar 1966. Varð aukningin lítil umfram þá vexti, sem við bætast í árslokin. Á þetta vafalaust rætur sínar að rekja til samdráttaráhrifa þeirra, sem áður er getið, en sérstaklega miklar breytingar urðu í nóvembermánuði, sem rekja má til óvenjulegra vörukaupa og kaupa á snariskírteinum ríkissjóðs í sambandi við gengisbreytinguna. Veltiinnlán drógust hins vegar beinlínis saman um 2,9% á árinu, og kom það einkum fram á seinni hluta ársins. Í heild varð því vöxtur innlána aðeins 6,4%, og er það miklu minna en undanfarin ár, eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti um þróun innlána síðastliðin fjögur ár.



### Aukning innlána

	1964	1965	1966	1967
Veltiinnlán .....	322	318	81	÷55*
Spariinnlán .....	754	1210	983	632
Heildarinnlán .....	1076	1526	1064	577

### Hlutfallsaukning (%)

	1964	1965	1966	1967
Veltiinnlán .....	27,1	21,1	4,8	÷2,9
Spariinnlán .....	17,9	24,4	15,9	8,8
Heildarinnlán ...	19,9	23,6	13,3	6,4

\* Veltiinnlánatölunni 1967 hefur verið breytt um 80 millj. kr. vegna flutnings á innstæðum Fiskveiðasjóðs.

Á árinu dró verulega úr hinni miklu útlánaþenslu, sem átt hafði sér stað á árunum 1965—1966. Varð aukningin á árinu 10,2% á móti 17,2% árið 1966 og 21,8% árið 1965. Fer hér á eftir yfirlit um aukningu útlána banka og sparisjóða síðastliðin fjögur ár, bæði að meðtöldum og frátöldum endurseldum afurðalánum.

### Aukning útlána\*

Ar	Endursala frátalín millj. kr.	Endursala meðtalín %	Endursala frátalín millj. kr.	Endursala meðtalín %
1964 .....	688	12,9	718	11,8
1965 .....	1098	18,2	1486	21,8
1966 .....	1281	18,0	1427	17,2
1967 .....	994	11,8	987	10,2

\* Tölum breytt vegna verðbréfakaupa á móti flutningi á innstæðu Fiskveiðasjóðs í Seðlabanka 1967 og vegna tilfærslu útlána til Stofnánadeildar sjávarútvegsins 1965, sbr. árs-skýrslu bankans fyrir það ár.

Upplýsingar liggja aðeins fyrir um skiptingu útlána hjá viðskiptabönkum og stærstu sparisjóðum. Samkvæmt þeim hafa af 885 millj. kr. útlánaaukningu þeirra á árinu runnið 208 millj. kr. til iðnaðar, 163 millj. kr. til sjávarútvegs og fiskviinnslu, 133 millj. kr. til verzlunar og 85 millj. kr. til landbúnað-

ar. Aukning útlána til iðnaðar var hlutfallslega meiri en áður, en minni til sjávárutvegs, enda var aukning afurðabirgða minni en áður.


Prátt fyrir mun hægari vöxt útlána en árin tvö á undan, hélt lausafjárstaða bankanna áfram að rýrna á árinu, og kom þar til hin óhagstæða innlánapróún, sem áður er getið. Varð aukning útlána 410 millj. kr. umfram aukningu innlána. Þar sem almennar innstæður höfðu að mestu gengið til þurrðar í ársbyrjun, kom rýrnun lausafjárstöðunnar fram á þann hátt, að lausaskuldir söfnuðust við Seðlabankann og erlendar lausaskuldir gjaldeyrisbankanna jukust. Eftir tveggja ára stórfellda rýrnun lausafjárstöðunnar var hún orðin afar óhagstæð í árslok 1967. Þróunin var nokkuð misjöfn eftir stofnunum, en erfiðust virðist aðstaða þeirra, sem tiltölulega þróngan viðskiptagrundvöll hafa. Hér fer á eftir yfirlit um hreyfingar á eignum og skuldum innlánssstofnana samkvæmt reikningum þeirra.

#### *Helztu reikningshreyfingar viðskiptabanka og sparisjóða*

	1966	1967
Almennar innstæður í Seðlabanka .....	÷228	÷7
Áðrar innstæður í Seðlabanka .....	318	164
Útlán .....	1.427	987
Ýmislegt, nettó .....	92	87
Alls	1.609	1.231

	1966	1967
Innborganir:		
Lausaskuldir í Seðlabanka ..	77	351
Veltiinnlán .....	81	÷55
Sparifé .....	983	632
Endurkeyptir víxlar .....	148	÷ 7
Erlendar skuldir .....	207	203
Eigid fé .....	113	107
Alls	1.609	1.231

#### **ENDURKEYPTIR VÍXALAR**



Viðskipti innlánssstofnana við Seðlabankann koma einnig fram á meðfylgjandi töflu um helztu reikningshreyfingar Seðlabankans.


#### *Helztu reikningshreyfingar Seðlabankans*

Rýrð staða við Seðlabankann ÷  
Bætt staða + (millj. kr.)

	1966	1967*
Innlánssstofnanir .....	÷129	÷175
a) Endurkeyptir víxlar .	(÷146)	(+ 7)
b) Lausafjárstaða .....	(÷320)	(÷360)
c) Bundnar innstæður ..	(+339)	(+181)
d) Annað, nettó .....	(÷ 2)	(÷ 3)
Fjárfestingarlánastofnanir.	÷ 26	÷192
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	+331	÷458
Mótvirðisfé .....	÷ 77	÷ 88
Áðrir innlendir liðir, nettó	+ 9	÷ 37
Samtals	+108	÷950
Seðlavelta .....	+ 67	÷ 49
Gjaldeyrisliðir, nettó .....	+175	÷999

\* Hreinum bókhaldsbreytingum vegna gengisbreytingarinnar á árinu er sleppt.

Heildarstaða innlánssstofnana rýrnaði um 175 millj. kr. á árinu, en hafði rýrnad um 129 millj. kr. árið á undan. Bæði þessi ár hefði staðan rýrnað meira en



bessu nemur, hefði ekki komið til veruleg skuldasöfnun gjaldeyrisbankanna erlendis. Allmögund undanfarin ár hafði heildarstaða innlánsstofnana gagnvart Seðlabankanum hins vegar batnað ár frá ári. Endurkaup afurðalána minnkuðu lítið eitt á árinu. Lækkun varð á endurkaupum vegna sjávarútvegsins um 51 millj. kr. vegna minna afurðaverðmætis í árslok en í ársbyrjun. Hins vegar jukust endurkaup vegna landbúnaðar um 21 millj. kr., og einnig jukust endurkaup iðnaðarvíxla um 23 millj. kr., en þau voru tekin upp á árinu 1966.

Mun minni aukning varð á bundnum innstæðum innlánsstofnana hjá Seðlabankanum en áður eða 181 millj. kr. á móti 339 millj. kr. árið á undan, og stafar það af haegari vexti innlána, enda voru reglur um innlánsbindingu óbreyttar á árinu. Nægði innstæðubindingin hvergi nærri til þess frekar en árið 1966 að vega upp á móti lausaskuldasöfnun bankanna við Seðlabankann, hvað þá á móti öðru peningaútstreymi til innlendra aðila, en það nam 950 millj. kr.


umfram bindinguna á árinu, eins og taflan hér að framan sýnir. Með henni var þó kleift að gera nokkrar tilfærslur á fjármagni innan bankakerfisins, án þess að það hefði áhrif á stöðuna út á við. En í heild varð, eins og fyrr segir, nettófjárstreymi úr Seðlabankanum til bankakerfisins eins, er nam 175 millj. kr. á árinu umfram aukningu bundins fjár.

Fjárstreymi var einnig mikið úr Seðlabankanum til fjárfestingarlánastofnana eða 192 millj. kr. á móti 26 millj. kr. 1966. Stafaði það af hliðstæðum orsökum og fjárstreymið til bankakerfisins. Annars vegar tókst ekki að afla nema hluta þess fjármagns, sem með þurfti til útlána á þeirra vegum, en hins vegar voru á árinu miklir erfiðleikar á innheimtu afborgana og vaxta, einkum hjá Framkvæmdasjóði og Fiskveiðasjóði. Á árinu færðust reikningsviðskipti Fiskveiðasjóðs yfir á Seðlabankann. Samfara því varð breyting á innlánum og útlánum bankanna og á stöðu fjárfestingarlánastofnana og annarra aðila við Seðlabankann. Hefur í þessum kafla verið gerð leiðréttung vegna þessara bókhaldshreyfinga, að fjárhæð 80 millj. kr., á inn- og útlánum bankanna, en ekki á reikningshreyfingum Seðlabankans.

Þó að mikil aukning yrði á fjárstreymi úr Seðlabankanum vegna viðskiptanna við innlánsstofnanir og fjárfestingarlánastofnanir, urðu umskiptin í viðskiptum við ríkissjóð og ríkisstofnanir samt enn þá meiri. Þar snerist 331 millj. kr. innstreymi 1966 upp í 458 millj. kr. útstreymi 1967, og nema umskiptin samtals nær 800 millj. kr. Var á þetta vandamál bent í síðustu ársskýrslu bankans.

Að mestu leyti stöfuðu þessi miklu umskipti af mjög breyttri afkomu ríkisssjóðs. Annars vegar staðnaði vöxtur ríkisteknanna um leið og tekjur, viðskiptavelta og innflutningur hætti að vaxa vegna breytts efnahagsástands. Hins vegar varð mikil aukning á ríkisútgjöldum, einkum vegna niðurgreiðslu á vörumerði samfara verðstöðvun um haustið 1966 og vegna aðstoðar til sjávarútvegs og fiskvinnslu, sem síðar var ákveðin. Jafnframt varð veruleg lækkun á innstæðum ríkissjóðs, m. a. vegna lækkunar á geymdum fjárveitingum og öðru f. Einnig stafaði hluti af versnandi stöðu ríkissjóðs og ríkisstofnana gagnvart Seðlabankanum af því, að ríkisskuldbréf hafa verið keypt af bönkum eða öðrum aðilum, og loks hækkuðu skuldir ríkissjóðs og ríkisstofnana í erlendum gjaldeyri um 39 millj. kr. vegna gengisbreytingarinnar. Á árinu varð 88 millj. kr. lækkun á mótvirðisfé, en á árinu 1966 nam lækkunin 77 millj. kr. Hefur mótvirði óafturkræfs framlags Bandaríkjastjórnar 1961, samtals að upphæð 214 millj. kr., verið ráðstafað til Landsvirkjunar, Kísiliðjunnar h. f. og til Atvinnujöfnunarsjóðs. Greiðist féð út á fjórum árum.

Niðurstaðan af innlendum viðskiptum Seðlabankans er því sú, að heildarfjárscreymi út úr bankanum hefur numið 950 millj. kr. á árinu. Við það bætist, að seðlaveltan lækkaði um 49 millj. kr., þannig að útstreymi gjaldeyris nam um 1000 millj. kr., og er þá horft fram hjá hækjun á krónutölum gjaldeyriseignarnarinnar vegna gengisbreytingarinnar í nóvember. Í reynd fólst í þessu, að ríkisssjóður átti með skuldasöfnun sinni í Seðlabankanum meginþátt í að halda



uppi neyzlu á árinu með niðurgreiðslum á vörumerði, jafnframt því sem hann styrkti sjávarútveginn til að halda áfram starfsemi sinni. Sömuleiðis gátu bankarnir m. a. með skuldaaukningu við Seðlabankann haldið uppi mun meiri útlánum en ella, og fjárfestingarlánastofnum var gert kleift að halda uppi lánum til framkvæmda. Allt tryggði þetta það, að ekki varð meiri samdráttur í efnahagslífinu en raun bar vitni, þrátt fyrir 30% lækkun útflutningstekna. Hins vegar hlaut þetta að sjálfsögðu að koma fram í lækkun gjaldeyrisforðans, þótt stefnt væri að því að takmarka áhrifin á hann.

Óhugsandi var að unnt yrði að halda lengi áfram á þessari braut, enda reyndist nauðsynlegt seint á árinu að gera ráðstafanir til að laga hagkerfið að hinum breyttu aðstæðum. Með gengisbreytingunni, sem áður hefur verið skýrt frá, og öðrum ráðstöfunum hefur verið stefnt að því að bæta aðstöðu atvinnuveganna og um leið að draga úr eftirspurn eftir gjaldeyri. Jafnframt hafa

ráðstafanir verið gerðar til að bæta hagríkissjóðs. Allt á þetta að stuðla að því að draga úr útstreymi fjár úr Seðlabankanum og þar með úr rýrnun gjald-eyrisforðans. Á móti kemur á hinn bóginn sú hætta, sem fólgin er í því, að víxl-

hækkanir verðlags og kaupgjalds eyði að nokkru leiðréttigaráhrifum þeim, sem í gengisbreytingunni fólust, svo að hin hagstæðu áhrif hennar reynist minni en til var stofnað.

## 4. Alþjóðleg efnahagssamvinna

Seðlabankinn er ásamt öðrum íslenzkum stjórnvöldum aðili að ýmsunum alþjóðastofnunum og efnahagssamvinnu við önnur lönd fyrir hönd Íslands. Erit þar fyrst að telja, að Seðlabankinn hefur með höndum greiðsluviðskipti Íslands, bæði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF) og Alþjóðabankann (IBRD), svo og systurstofnanir hins síðarnefnda, Alþjóðafjármálastofnunina (IFC) og Alþjóðaþróunarstofnunina (IDA).

Á árinu 1967 var aðalfulltrúi Íslands í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins dr. Jóhannes Nordal, en varafulltrúi Jónas H. Haralz. Í stjórn Alþjóðabankans og systurstofnana hans var aðalfulltrúi dr. Gylfi P. Gíslason og varafulltrúi Magnús Jónsson. Sóttu þessir fulltrúar allir aðalfundi stofnananna, sem haldnir voru sameiginlega í Washington í september. Norðurlöndin hafa sameiginlega fulltrúa í framkvæmdastjórn þessara stofnana. Á árinu 1967 var Torben Friis frá Danmörku aðalfulltrúi í framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en varamaður hans Jorma Aranko frá Finnlandi. Í framkvæmdastjórn Alþjóðabankans var aðalfulltrúi Karl Skjerdal frá Noregi, en Vilhjálmur Þór var varamaður hans.

*Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn.* Árið 1967 var viðburðaríkt í starfi Alþjóðagjald-cyrissjóðsins, enda var við mikla óvissu og erfiðleika að etja í alþjóðlegum gjald-eyris- og peningamálum. Um almenn viðskipti sjóðsins er það að segja, að á árinu notuðu þátttökuríkin samtals 835 millj. dollara frá sjóðnum, en 1.448 millj. dollara árið áður. Aftur á móti hækkuðu ónotaðar lánsheimildir úr 365 millj. í 1.804 millj., einkum vegna aðstoðar við Bretland í kjölfar gengisfellings sterlingspundsins.

Haldið var áfram á árinu 1967 undirbúnungi tillagna um endurbætur á hinu alþjóðlega greiðslukerfi, og á ársfundí Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem haldinn var í Rio de Janeiro í september 1967, var samþykkt tillaga um að koma á nýju kerfi gagnkvæmra yfirdráttarréttinda (Special Drawing Rights). Var framkvæmdastjórn og starfsliði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins falið að ganga frá formlegum tillögum um nauðsynlegar breytingar á sáttmála Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, er leiða munu af hinu nýja kerfi.

Hinn 8. nóvember 1967 samþykkti stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að

veita Íslandi lán að upphæð 3.750 þús. dollara, og annaðist Seðlabankinn, sem er fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjald-eyrissjóðnum fyrir ríkisins hönd, töku lánsins. Lán þetta var veitt samkvæmt reglum sjóðsins um aðstoð þeim þjóðum til handa, er verða fyrir áföllum vegna skyndilegra og ófyrirsjáanlegra lækkana útflutningstekna. Nefnast lán þessi jöfnunarlán (compensatory financing), og var lántaka Íslands miðuð við lækkun útflutningstekna á 12 mánaða tímabili frá októberþyrjun 1966 til september-loka 1967. Var hér um að ræða hæsta jöfnunarlán, sem heimilt er að veita Íslandi samkvæmt reglum sjóðsins, og samsvaraði það einum fjórða af kvóta Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

*Alþjóðabankinn og systurstofnanir hans.* Lánveitingar Alþjóðabankans á árinu 1967 námu 763 millj. dollara, og var það svipuð upphæð og árið áður. Vaxandi erfiðleikar í alþjóðapeningamálum höfðu veruleg áhrif á starfsemi Alþjóðabankans á árinu. Reyndist sér-staklega erfitt að ná þeim markmiðum varðandi útvegun fjármagns til þróunarlandanna, er stjórn bankans hafði sett sér.

Á árinu 1966 hafði Alþjóðabankinn veitt Landsvirkjun lán til virkjunar Þjórsár við Búrfell, að upphæð 18 millj. dollara. Var í árslok 1967 búið að nota 6,2 millj. dollara af þessu láni, en útstandandi skuld Íslands við bankann nam þá 14,1 millj. dollara.

Sá hluti stofnfjárfamlags Íslands til Alþjóðabankans, sem greiða ber í gjald-eyri, nemur 1,5 millj. dollara. Af þessari fjárhæð hafði Ísland í lok ársins 1967 greitt í frjálsum gjaldeyri rúmlega 1,0

millj. dollara, en afgangurinn verður greiddur í jöfnum hlutum á árunum 1968 og 1969.

*Evrópusjóðurinn.* Starfsemi Evrópusjóðsins, en hann starfar á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), var með líku sniði árið 1967 og áður. Lánveitingar sjóðsins síðustu árin hafa verið mjög litlar, og eiga nú aðeins tvö lönd, Grikkland og Tyrkland, útistandandi skuldir við hann. Ísland átti engin viðskipti við Evrópusjóðinn á árinu 1967.

Framlagsfé Íslands til Evrópusjóðsins nemur 1 millj. dollara, en það tilheyrir þeim hluta framlagsfjárins, sem samkvæmt stofnsamningi hefur enn ekki verið kallað eftir til greiðslu. Knut Getz Wold frá Noregi er fulltrúi Norðurlanda í stjórn sjóðsins.

*Norræn samvinna.* Seðlabankar Norðurlanda hafa með sér náið samstarf, og halda þeir m. a. einu sinni á ári hverju fund, þar sem rætt er um sameiginleg vandamál. Á árinu 1967 var seðlabanka-fundurinn haldinn í Finnlandi um mánaðamótin maí/júní á vegum Finnlendsbanka. Seðlabankinn hefur auk þess af Íslands hálfu tekið þátt í störfum fjárhagsnefndar Norðurlanda, en hún fjallar um ýmis sameiginleg fjárhagsmálefni og þá einkum samvinnu á sviði alþjóðafjármála. Nefndin hélt þrjá fundi á árinu, í Noregi, Svíþjóð og Danmörku.

*Gjaldeyrissamningur Norðurlanda.* Mikilvægasta verkefnið á sviði beinnar samvinnu Norðurlanda í gjaldeyrismálum á árinu 1967 var endurskoðun gjaldeyrissamnings Norðurlanda, er upphaf-

lega var gerður á árinu 1962. Var nýr samningur milli hinna fimm seðlabanka Norðurlanda undirritaður, og tók hann gildi 1. september 1967. Samkvæmt honum tvöfaldast yfirdráttarréttið þátttökubankanna, en skuldbindingar til lánveitinga hækka um 50%. Samningurinn veitir nú Seðlabankanum lásheimild

hjá hinum seðlabónkum Norðurlanda að fjárhæð allt að 20 millj. særskra króna, en lánveitingaskylda Seðlabankans getur numið allt að 30 millj. s. kr. Einnig hefur nokkuð verið rýmkað um skilyrði varðandi notkun réttinda þeirra, er í samningnum felast.

## 5. Framkvæmdasjóður og fjárfestingarmál

*Stofnun og stjórni Framkvæmdasjóðs.* Á árinu 1966 voru samþykkt á Alþingi lög um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð. Eru þetta lög nr. 66 frá 13. maí 1966. Sá kafli laganna, er fjallar um Framkvæmdasjóð, tók gildi 1. janúar 1967.

Meginefni laganna er þetta: Framkvæmdasjóður er sjálfstæð stofnun í eigu ríkisins og heyrir undir fjármálaráðherra. Sjóðurinn er í vörzlu Seðlabankans, en með aðskildum fjárhag og bókhaldi. Sjóðurinn veitir annars vegar fé til þeirra fjárfestingarlánasjóða, er veita einstök lán til framkvæmda, og hins vegar til meiri háttar opinberra framkvæmda.

Framkvæmdasjóður tekur við öllum eignum og skuldum Framkvæmdabankans, og enn fremur tekur sjóðurinn við því fé Mótvirðissjóðs, sem var í vörzlu bankans með nokkurri undantekningu. Sjóðnum er heimilt að afla lánsfjár bæði innan lands og erlendis. Ríkissjóður ábyrgist allar innlendar skuldbindingar sjóðsins auk þeirra erlendu og innlendu

skuldbindinga, er sjóðurinn tekur við af Framkvæmdabankanum.

Stjórni Framkvæmdasjóðs er í höndum 7 manna kosinna á Alþingi til fjögurra ára í senn. Verkefni stjórnarinnar er að taka ákvarðanir um lánveitingar og ráðstöfun á fjármunum sjóðsins, að taka ákvarðanir varðandi árlegar heildaráætlanir um ráðstöfunarfé sjóðsins, bæði eigin fé og lánsfé, að kveða á umi vaxtagjör á útlánum sjóðsins og enn fremur að úrskurða reikninga, ráðstafa hreinum tekjum og ákvarða afskriftir á kröfum sjóðsins. Að öðru leyti er umsjá og rekstur Framkvæmdasjóðs í höndum Seðlabankans, er hefur á hendi bókhald hans og daglegan rekstur, svo og skýrslugerð alla.

Stjórni Framkvæmdasjóðs er nú þannig skipuð:

Jóhann Hafstein, dómsmálaráðherra,  
formaður,

Dr. Gylfi Þ. Gíslason, viðskiptamálaráðherra,  
varaformaður,

Eysteinn Jónsson, alþingismaður,

Gunnlaugur Pétursson, borgarritari,

Jón G. Sólnes, bankastjóri,

Lúðvík Jósepsson, alþingismaður,

Tómas Árnason, hæstaréttarlögmaður.

*Reikningar Framkvæmdasjóðs.* Eins og fram kemur af rekstrarreikningi, námu hreinar tekjur Framkvæmdasjóðs á árinu 1967 28,5 millj. kr., en hreinar tekjur Mótvirðissjóðs 17,8 millj. kr. Samtals námu hreinar tekjur Framkvæmdasjóðs og Mótvirðissjóðs 46,3 millj. kr.

Af hreinum tekjum Framkvæmdasjóðs á árinu, að viðbættum óráðstöfuðum tekjuafgangi frá fyrra ári og eignabreytingum ársins, voru 35,0 millj. kr. lagðar við höfuðstól og 1,0 millj. kr. í varasjóð.

Samanlagt námu eiginfjárreikningar Framkvæmdasjóðs í árslok 378,4 millj. kr. Þá var 0,65 millj. kr. varið til styrkveitingar í tilefni 20 ára afmælis Marshallaðstoðarinnar, en fé Framkvæmdasjóðs og Mótvirðissjóðs á rætur að rekja til þeirrar aðstoðar sem kunnugt er.

Hreinum tekjum Mótvirðissjóðs var bætt við höfuðstól sjóðsins, er nam í árslok 354,3 millj. kr., en af fé Mótvirðissjóðs voru á árinu 39,2 millj. kr. yfirfærðar til Atvinnujöfnunarsjóðs samkvæmt lögum nr. 69/1966.

Gengisbreytingin í nóvember 1967 olli verulegri hækkun erlendra skulda Framkvæmdasjóðs, eða um 298 millj. kr., og námu þær í árslok 1469 millj. kr. samkvæmt hinu nýja gengi. Heildarútlán Framkvæmdasjóðs og Mótvirðissjóðs námu í árslok 2232 millj. kr. og hafa þá að sjálfsögðu einnig verið hækkuð þau láan, er endurlánuð hafa verið af erlendu lánsfé.

Varðandi lánastarfsemi Framkvæmdasjóðs vísast til þess, sem segir í undirkaflanum um Framkvæmdasjóð og fjárfestingarláanasjóði hér á eftir.

*Framkvæmda- og fjáröflunaráætlun 1967.* Eins og skýrt hefur verið frá í fyrri ársskýrslum Seðlabankans, hafa Seðlabankinn og Efnahagsstofnunin með höndum undirbúning hinna árlegu framkvæmda- og fjáröflunaráætlana ríkisstjórnarinnar. Annast Seðlabankinn þann hluta áætlunarinnar, sem varðar fjárfestingarláanasjóði og fjáröflun til fyrirtækja.

Áætlun ársins 1967 var með líku sniði og árið áður, að því er framkvæmdir varðar. Opinberar framkvæmdir voru að mestu leyti þær sömu, en þó var að þessu sinni tekin inn í áætlunina fjárútvegun til Byggingaráætlunar ríkisins, 30 millj. kr., og Búrfellsþirkjunar 25 millj. kr. Enn fremur voru nú teknir inn í áætlunina tveir nýir fjárfestingarláanasjóðir, er hófu starfsemi á árinu 1967, en þeir eru Láanasjóður sveitarfélaga og Stofnlánadeild verzlunarfyrtækja.

Veigamiklar breytingar miðað við árið 1966 urðu hins vegar á áætluninni, að því er fjáröflun varðar. Áætlunin í heild hækkaði verulega og nam 520 millj. kr., sem var 206 millj. kr. hærra en árið áður. Hækkun þessi stafaði að mestu leytti af því, að fé Framkvæmdasjóðs kom nú í fyrsta sinn inn í áætlunina, en lögin um Framkvæmdasjóð tóku, sem kunnugt er, gildi 1. janúar 1967. Fé Framkvæmdasjóðs í áætluninni nam 112 millj. kr. Þá varð enn fremur sú breyting á framkvæmd fjáröflunarinnar, að 10% af aukningu innlána viðskiptabankanna, sem um var samið að gengi til framkvæmdaáætlunarinnar 1967 með sama hætti og undanfarin ár, var nú tekið að láni af Framkvæmdasjóði, sem endurlánaði féð síðan til hinna ýmsu fjárfest-

ingarlánasjóða. Fjároflunaráætluninni 1967 var þannig skipt í two meginhluta: annars végar var fé Framkvæmdasjóðs ásamt lánsfé frá viðskiptabönkunum og Atvinnuleysistryggingarsjóði, alls 212 millj. kr., og skyldi fé þetta lánað til hinna ýmsu fjárfestingarlánasjóða og Byggingaráætlunar ríkisins, en hins végar var fjároflun ríkissjóðs sjálfs, sem að uppruna var nýtt spariskírteinafé og endurgreitt spariskírteinafé, PL-480 lánsfé, endurgreiðslur af ensku framkvæmdadaláni og greiðsluafgangur 1966, alls 308 millj. kr., og verður nánar gerð grein fyrir þessari fjároflun síðar í þessum kafla.

*Lánastarfsemi Framkvæmdasjóðs og fjárfestingarlánasjóðir.* Þeir fjárfestingarlánasjóðir, sem lánað var innan fjároflunaráætlunarinnar 1967, voru alls átta eða tveim fleiri en árið áður, eins og fyrr er getið. Gerði áætlunin ráð fyrir lánveitingum til sjóðanna að fjárhæð 182 millj. kr., en lán úr Atvinnuleysistryggingarsjóði, að fjárhæð 30 millj. kr., gengi til Byggingaráætlunar ríkisins.

Á árinu var lokið lánveitingum til sjóðanna, að fjárhæð 138 millj. kr., og vantaði þannig 44 millj. kr. á, að lánveitingar þessar næðu áætluninni. Bar þar tvennt til, annars végar reyndist handbært fé Framkvæmdasjóðs mun minna á árinu en gert hafði verið ráð fyrir, þar eð margir lántakendur sjóðsins áttu við mikla greiðsluörðugleika að striða, og batzt féð því lengur en ætlað hafði verið, en hins végar varð fé af innlánsaukningu viðskiptabankanna mun minna en áætlað hafði verið í byrjun ársins.

Lánveitingar Framkvæmdasjóðs á árinu 1967 urðu alls 170 millj. kr., þar af var lánað til fjárfestingarlánasjóða 138 millj. kr., eins og að framan greinir, og til annarra framkvæmda 32 millj. kr.

Lánveitingar Framkvæmdasjóðs sundurliðast þannig:

	millj. kr.
Byggingarsjóður verkamanna .....	7,0
Ferðamálasjóður .....	5,0
Fiskveiðasjóður .....	12,0
Iðnlánsjóður .....	16,0
Lánsjóður sveitarfélaga .....	5,0
Stofnlánadeild landbúnaðarins .....	69,0
Stofnlánadeild verzlunarfyrtækja .....	4,0
Veðdeild Búnaðarbanks .....	20,0
Hafnargerðir .....	7,5
Flugvellar .....	3,4
Vegagerð .....	9,6
Síldarverksmiðjur ríkisins .....	5,0
Búnaðarfélag Ísl. og Stéttarsamb. bænda .....	3,0
Þjónustu- og samgöngumál .....	3,5
<b>Samtals 170,0</b>	

Á árinu 1967 tók Framkvæmdasjóður eitt lán erlendis að fjárhæð \$ 500.000 eða jafnvirði 21,5 millj. kr. Lán þetta var tekið hjá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins og endurlánað innan lands til framkvæmda í samgöngumálum á Vestfjörðum. Lánið endurgreiðist á árunum 1972—1982.

Heildarlánveitingar Framkvæmdasjóðs og framangreindra fjárfestingarlánasjóða á árinu 1967 urðu 1.147,1 millj. kr., sem er 172,0 millj. kr. hærri fjárhæð en árið áður. Eru þá lán Framkvæmdasjóðs til fjárfestingarlánasjóða ekki meðtalin, þar eð ella yrði um tvítalningu að ræða. Enn fremur er þess að geta, að tölur um lánveitingar þessar eru byggðar á útborguðum fjárhæðum veittra lána, en heildarútlán í árslok 1967, 6.746,3 millj. kr., eru hins végar

byggð á töluum efnahagsreikninga og ná því til allra útgefinna lána.

### Lánveitingar sjóðanna 1966 og 1967

og heildarútlán í árslok 1967 (talið í millj. kr.) eru sýnd í eftirfarandi töflu:

	<i>Lán veitt 1966</i>	<i>Lán veitt 1967</i>	<i>Heildar- útlán 31/12 '67</i>
Framkvæmdasjóður Íslands:			
Beinar lánveitingar .....	126,3	32,0	1.438,4
Lán til fjárfestingarlánasjóða .....	( 61,5)	(138,0)	( 793,2)
Byggingarsjóður ríkisins og Veðdeild L. í .....	380,4	519,1	1.830,1
Byggingarsjóður verkamanna .....	33,4	34,3	243,6
Ferðamálasjóður .....	6,9	12,5	33,4
Fiskveiðasjóður .....	201,7	241,5	1.804,2
Iðnlánasjóður .....	76,6	125,4	294,5
Lánasjóður sveitarfélaga .....	—	24,1	24,1
Stofnlánadeild landbúnaðarins .....	146,7	134,2	945,1
Stofnlánadeild verzlunarfyrtækja .....	—	11,5	11,5
Veðdeild Búnaðarbanks .....	3,1	12,5	121,4
	975,1	1.147,1	6.746,3

Fjárhæðir þær, sem taldar eru lánveitingar Framkvæmdasjóðs árið 1966, eru raunverulegar lánveitingar Framkvæmdabankans það ár, en sjóðurinn tók við af bankanum í ársbyrjun 1967.

Þá er og þess að geta, að í ársbyrjun 1967 tók Fiskveiðasjóður við öllum eignum og skuldum Stofnlánadeilda sjávarútvegsins og Skuldaskilasjóðs útvegsmanna samkvæmt lögum nr. 75/1966, og eru fyrri útlán þessara aðilja innifalin í heildarútlánum Fiskveiðasjóðs í árslok 1967.

*Fjáröflun til opinberra framkvæmda.*  
Fjáröflun til opinberra framkvæmda samkvæmt áætluninni 1967 nam 308 millj. kr. Var gengið að fullu frá 304,9 millj. kr. af þeirri fjárhæð á árinu, en 3,2 millj. kr. til hafnarframkvæmda færðust fram á árið 1968 vegna seinkunar framkvæmda. Taflan hér á eftir sýnir fjármögnun opinberra framkvæmda á framkvæmda- og fjáröflunaráætluninni 1967 (talið í millj. kr.).

	<i>Spariskír- teinalán og endurgr.</i>	<i>Endur- gr. af ensku</i>	<i>Greiðslu- rikis- sjóðs</i>	<i>Sam- tals</i>
	<i>SPARISKÍR- TEINI PL-480</i>	<i>framkv.- lán</i>	<i>1966</i>	
Rafmagnsveitur ríkisins .....	28,0	17,9	—	45,0
Gufuveita í Reykjahlíð .....	5,0	—	—	5,0
Hafnir .....	30,0	24,8	—	54,8
Vegir .....	53,6	—	—	80,6
Kísilvegur .....	29,5	—	—	29,5
Flugmál .....	23,2	—	—	23,2
Keflavíkurflugvöllur .....	9,8	—	—	9,8
Skólar .....	4,0	—	—	17,0
Sjúkrahús .....	2,0	—	—	15,0
Búrfellsvirkjun .....	—	—	25,0	25,0
	<i>Samtals</i>	<i>185,1</i>	<i>41,8</i>	<i>53,0</i>
				<i>304,9</i>

Fjár til hinna opinberu framkvæmda var samkvæmt þessu aflað með fernum hætti.

Í fyrsta lagi var um að ræða nýtt spariskírteinafé og endurgreitt spariskírteinafé, þ. e. endurgreiðslur til ríkisssjóðs af útlánum fyrri ára. Samkvæmt lögum frá Alþingi nr. 22/1967 heimilast fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisssjóðs að gefa út til sölu innan lands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að upphæð allt að 125 millj. kr. Heimild þessa notaði fjármálaráðherra þannig, að gefin voru út spariskírteini að fjárhæð 50 millj. kr. í maí 1967. Stóð sala þeirra yfir fram í nóvember, en í þeim sama mánuði voru gefin út til viðbótar 75 millj. kr. í spariskírteinum, og seldist sú útgáfa mjög ört, og var hún búin fyrir lok mánaðarins.

Spariskírteinin voru með sömu kjörum og árið áður, þ. e. meðalvextir voru 6% og lánstíminn 12 ár. Enn fremur eru greiðslur afborgana og vaxta bundnar byggingarvísitölu Hagstofu Íslands. Seðlabankinn annaðist allan undirbúning og framkvæmd lántökunnar með sama hætti og undanfarin ár.

Andvirði spariskírteinanna var endurlánað til 12 ára með 6½% ársvoxtum. Árið 1967 var fjórða árið í röð, sem ríkisssjóður aflar fjár til opinberra framkvæmda með sölu spariskírteina. Nemur heildarfjárhæð seldra spariskírteina þessara fjögurra ára alls 375 millj. kr., og var sú fjárhæð öll útistandandi í árslok 1967. Í janúarmánuði 1968 getur hafizt innlausn þeirra spariskírteina, er út voru gefin 1964.

Í öðru lagi var fjár til hinna opinberu framkvæmda aflað af svo nefndu PL-

480 fé, sem er andvirði landbúnaðarafurða keypta í Bandaríkjunum samkvæmt sérstökum samningi milli ríkisstjórnar Íslands og Bandaríkjastjórnar. Samkvæmt samningnum eru 70% vörukaupanna lánuð í dollarum til 17 ára með 4½% ársvoxtum. Til lánveitinga af vörukaupasamningnum 1967 munu væntanlega verða alls um 38 millj. kr.

Lán það, er ríkisssjóður tók í Bretlandi 1962, var endurlánað innan lands til skemMRI tíma en hið erlenda lán, þannig að nokkur fjárhæð losnar árlega, sem lána má á ný. Á árinu 1967 voru 25 millj. kr. af fé þessu lánaðar til Búrfellsvirkjunar samkvæmt framkvæmdaáætluninni.

Loks var 53 millj. kr. af greiðsluafgangi ríkisssjóðs 1966 varið til framkvæmda samkvæmt framkvæmdaáætluninni 1967, þar af 27 millj. kr. til vega-gerðar, 13 millj. kr. til bygginga við menntaskólana og 13 millj. kr. til viðbyggingar Landspítalans.

*Ríkisábyrgðasjóður.* Starfsemi Ríkisábyrgðasjóðs var með sama sniði nú og verið hefur undanfarin ár, fyrirgreiðsla um veitingu ríkisábyrgða, innlausn og innheimta krafna, sem á ríkisssjóð falla sem ábyrgðaraðila, og umsjá lána, sem ríkisssjóður hefur veitt.

Nýjar ábyrgðir urðu nokkru fleiri nú en árið 1966 eða samtals 874 á móti 808 árið 1966. Fjölgunin er á ábyrgðum á lánum byggingarsamvinnufélaga, sem urðu 762 eða 133 fleiri en árið áður. Öðrum ábyrgðum fækkaði um 67. Urðu þær 112, en voru 179 árið áður.

Upphæð nýrra ábyrgða lækkaði mjög mikið. Nam hún alls 618 millj. kr., en

var 1537 millj. kr. árið áður. Hér fer á eftir yfirlit yfir nýjar ábyrgðir árin 1966 og 1967.

	1966 millj. kr.	1967 tala millj. kr.
Hafnargerðir og dráttarbrautir .....	57	30
Vatnsveitur .....	13	26
Fiskiðnaður, síldarverksm. og síldarflutningar ....	136	43
Iðnaður .....	56	4
Landbúnaður .....	3	—
Raforkumál .....	1.052	1
Samgöngur .....	68	1
Annað .....	29	7
	1.414	112
Byggingarsamvinnufélög ..	123	762
	Alls	1.537
	874	618

Eins og sjá má af yfirlitinu, eru það einkum ábyrgðir til raforkumála, sem lækka, en þær voru mjög miklar 1966 vegna lánnssamninga varðandi Búrfells-virkjun, er þá voru gerðir. Á árinu var veitt ein ábyrgð vegna lántöku Lands-virkjunar til kaupa á gastúrbínum í Pýzkalandi, 101 millj. kr. Allmikið var á árinu um ábyrgðaveitingar til fisk-vinnslustöðva og síldarverksmiðja, en þó minna en áður. Meginhlut ábyrgða til iðnaðar er vegna skuldabréfaútgáfu Iðn-láanasjóðs. Flugfélag Íslands h. f. keypti á árinu nýja flugvél til millilandaflugs,

og var í því sambandi veitt ríkisábyrgð að fjárhæð 238 millj. kr.

Greiðslur Ríkisábyrgðasjóðs vegna vanskila jukust mjög mikið á árinu, frá því sem áður var. Urðu þær alls 113 millj. kr. og hækkuðu um 78 millj. kr. frá árinu áður. Hér fer á eftir yfirlit yfir greiðslurnar árin 1965—1967 í millj. kr.

	1965	1966	1967
Innleyistar kröfur .....	179	108	178
Endurgreiðslur skuldara ..	124	73	65
Nettógreiðslur	55	35	113
Vaxtafærslur meðtalda í innleyustum kröfum ....	6	4	5
	49	31	108

Eins og sjá má á yfirliti þessu, hefur upphæð innleystra krafna aukizt mjög mikið eða um 70 millj. kr., þegar vaxta-færslur eru dregnar frá. Endurgreiðslur hafa hins vegar lækkað um 8 millj. kr.

Greiðslur á árinu voru eins og áður einkum vegna fiskiðnaðar, hafnargerða og togaraútgerðar, en nú jafnframt vegna samgangna. Erfiðleikar þeir, sem sjávarútvegurinn átti við að etja á árinu 1967, valda mestu um vanskil fiskiðnaðarins, en munu jafnframt eiga verulegan þátt í auknum vanskilum bæjarfélaga.

## 6. Reikningshreyfingar Seðlabankans

Árið 1967 hækkaði niðurstöðutala efnahagsreiknings Seðlabankans um 495,0 millj. kr., en af þeirri hækkun eiga rúmlega 220 millj. kr. rætur að rekja til gengisbreytingarinnar, sem varð 24. nóvember. Hækkunin var að öðru leyti einkum fólgin í aukningu innstæðna og skulda innlánssstofnana

<i>Gjaldeyririsreikningar</i>		
	Í millj. kr.	
	Árslok 1967	Hreyfingar árið 1967
Eignir:		
Gulleign .....	57,9	+ 14,2
Alþjóðagjaldeyrissjóður (nettó) .....	÷ 0,8	÷ 161,4
Erlendir bankar .....	412,2	÷ 252,5
Erlend verðbréf og víxlar	1.328,9	÷ 301,5
Vöruskiptareikningar ....	63,1	+ 38,7
Eignir alls	1.861,3	÷ 662,5
Skuldir:		
Erlendir bankar .....	252,8	÷ 169,2
Vöruskiptareikningar ....	93,0	+ 120,6
Erlend lán til langa tíma .	149,6	÷ 27,7
Skuldir alls	495,4	÷ 76,3
Nettóeign .....	1.365,9	÷ 738,8

Hreyfingar á gjaldeyririsreikningum bankans eru sýndar á töflunni hér að ofan. Nettóstaða gagnvart Alþjóðagjald-eyrissjóðnum versnaði um 161 millj. kr. vegna lántöku hjá sjóðnum í byrjun nóvember. Lækkun erlendra innstæðna og erlendra verðbréfa var mjög mikil, og einnig jukust skuldir við erlenda banka verulega á árinu. Staða vöruskiptareikninga var hins vegar nokkru betri en í árslok 1966. Við samanburð á stöðu gjald-eyririsreikninga í árslokin 1966 og í árs-

lok 1967 verður að hafa í huga áhrif gengisbreytingarinnar í nóvember.

### Staða innlánssstofnana

	Árslok 1967	Hreyfingar árið 1967
Skuldir:		
Viðskiptareikn. og tékkar .....	÷ 257,7	÷ 191,6
Lán gegn verðbréfum ..	÷ 173,0	÷ 148,7
Endurkeyptir víxlar ...	÷ 1.304,0	+ 6,7
Skuldir alls	÷ 1.734,7	÷ 333,6

### Innstæður:

Viðskipta- og uppsagnarrekningar .....	+ 149,7	÷ 24,7
Bundnir reikningar ..	+ 1.910,6	+ 180,7
Innstæður alls	+ 2.060,3	+ 156,0
Nettóinnstæður .....	+ 325,6	÷ 177,6

Á töflunni að ofan koma fram breytingar á stöðu innlánssstofnana við Seðlabankann á árinu 1967. Staða þeirra á viðskiptareikningum og lánum gegn varðbréfum versnaði um 365 millj. kr., en aukning varð á bundnum innstæðum að upphæð 181 millj. kr.

### Staða fjárfestingarlánastofnana

	Árslok 1967	Hreyfingar árið 1967
Skuldir:		
Stofnlánadeild sjávar- útvegsins .....	÷ 193,0	+ 0,8
Reikningsskuldir annarra stofnana .....	÷ 155,8	÷ 136,6
Lán gegn verðbréfum ..	÷ 6,7	+ 20,0
Skuldabréf ýmissa stofnana	÷ 263,2	÷ 40,0
Skuldir alls	÷ 618,7	÷ 155,8
Innstæður á viðskiptareikn.	+ 86,9	÷ 36,3
Nettóskuldir .....	÷ 531,8	÷ 192,1

Samkvæmt töflunni neðst á fyrri síðu jukust nettóskuldir fjárfestingarlána-stofnana við bankann um 192 millj. kr. á árinu 1967, en mestur hluti þeirrar aukningar orsakaðist af hækkun reikningsskulda ýmissa stofnana, svo og af auknum skuldabréfakaupum bankans á árinu.

#### *Staða ríkissjóðs og ríkisstofnana*

í millj. kr.

	<i>Árslok</i>	<i>Hreyfingar</i>
	1967	árið 1967
<b>Skuldir:</b>		
Aðalviðskiptareikningur ..	÷ 203,6	÷ 203,6
Ýmsir ríkisreikningar ..	÷ 150,3	÷ 37,9
Skuldabréf ríkissj. og rík-isstofnana ..	÷ 224,1	÷ 34,8
 Skuldir alls	 ÷ 578,0	 ÷ 276,3
 <b>Innstæður:</b>		
Aðalviðskiptareikningur ..	0,0	÷ 82,6
Ýmsir ríkisreikningar ..	÷ 217,2	÷ 149,9
Ríkisstofnanir (nettó) ..	+ 337,7	+ 51,6
 Innstæður alls	 + 554,9	 ÷ 180,9
 Nettóinnstæður .....	 ÷ 23,1	 ÷ 457,2

Aðstaða ríkissjóðs og ríkisstofnana gagnvart Seðlabankanum versnaði um 457 millj. kr. á árinu 1967, svo sem fram kemur af töflunni hér að ofan. Staða að alviðskiptareiknings átti þar mestan hlut að, en hún var 286 millj. kr. lakari en í árslok 1966. Einnig versnaði staða ýmissa ríkisreikninga alls um 188 millj. kr. á árinu.

#### *Ráðstöfun umráðafjár Seðlabankans*

í millj. kr.

	<i>1966</i>	<i>1967</i>
Umráðafé:		
Seðlar í umferð .....	1.084,4	1.035,0
Innstæður innlánssstofnana ..	1.004,3	2.060,3
Innstæður fjárfestingarlánastofnana .....	123,2	86,9
Innstæður ríkissj. og ríkisstofnana .....	735,8	554,9
Mótvirðisfé .....	109,9	103,1
Gengisbreytingareikningur .....	—	221,2
Stofnfé og ýmsir sjóðir ..	309,1	335,3

(4.347,7) (4.396,7)

#### *Ráðstöfun:*

##### *Gjaldeyririsreikningar*

	(nettó) .....	2.104,8	1.365,9
Skuldir innlánssstofnana ..	1.401,1	1.734,7	
Skuldir fjárfestingarlánastofnana .....	462,9	618,7	
Skuldir ríkissj. og ríkisstofnana .....	301,7	578,0	
Ýmislegt (nettó) .....	77,2	99,4	

(4.347,7) (4.396,7)

Yfirlit um umráðafé Seðlabankans og ráðstöfun þess er sýnd á töflunni að ofan. Innstæður innlánastofnana mynda sem fyrr drýgstan hluta umráðafjárins, en seðlar í umferð mynda einnig verulegan hluta þess. Umráðafé er hins vegar að mestu leyti bundið í nettógjaldeyriseign og skuldum innlánssstofnana. Hlutdeild gjaldeyrisvarasjóðsins minnkaði um 739 millj. kr. á árinu, en skuldir innlánssstofnana fóru vaxandi.

Rekstrarhagnaður Seðlabankans samkvæmt rekstrarreikningi fyrir árið 1967 varð 8,2 millj. kr., en færðir voru til gjalda vextir af eigin sjóðum að upphæð 14,0 millj. kr. og arður af stofnfé reiknaður 7,0 millj. kr. Heildarhækku á eigin sjóðum bankans nam 26,2 millj. kr. á árinu.

## 7. Stjórn bankans o. fl.

Bankastjórnin endurkaus dr. Jóhannes Nordal, bankastjóra, formann bankastjórnarinnar til þriggja ára, talið frá 1. apríl 1967.

Hinn 1. ágúst 1967 lét Jón G. Mariasson af störfum sem bankastjóri fyrir aldurs sakir.

Jón G. Mariasson er fæddur 24. september 1898 og hóf starf við Landsbankann á Ísafirði 1919. Hann varð aðstoðarbankastjóri við Landsbankann 1936 og bankastjóri 1945. Hann varð bankastjóri Landsbanka Íslands, Seðlabanka, árið 1957 og síðan Seðlabanka Íslands frá 1961.

Jón G. Mariasson hefur átt einstæðan starfsferil sem bankamaður og bankastjóri í þau tæp 50 ár, sem hann helgaði Landsbankanum og Seðlabankanum starfskrafta sína. Ber á þessum vettvangi sérstaklega að geta þess, hve mikinn og drjúgan þátt hann hefur átt í bví að móta starf Seðlabankans frá 1958. Í heiðurssamkvæmi, sem bankastjórnin hélt Jóni í desember sl. var tilkvnt. að bankinn myndi efna til styrkja fyrir starfsmenn, og myndu styrkirnir bera heitið Kynnisfararstyrkir Jóns G. Mariassonar.

Davíð Ólafsson var skipaður bankastjóri við Seðlabankann 1. ágúst 1967. Hann er fæddur 1916 og varð hagfræðingur frá háskólanum í Kiel 1939. Fiskimálastjóri var hann frá 1940 til 1967 og alþingismaður frá 1963 til 1967.

Björn Tryggvason, sem verið hefur skrifstofustjóri bankans frá 1958, var

skipaður aðstoðarbankastjóri frá 14. ágúst 1967.

Hér fer á eftir skrá um bankastjórn, bankaráð og helztu starfsmenn bankans í árslok 1967:

### *Bankastjórn:*

Dr. Jóhannes Nordal, formaður  
Sigtryggur Klemenzson  
Davíð Ólafsson

### *Bankaráð:*

Birgir Kjaran, hagfræðingur, formaður  
Emil Jónsson, ráðherra, varaformaður  
Ingi R. Helgason, hæstaréttarlögmaður  
Ólafur Björnsson, prófessor  
Sigurjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri.

### *Embættismenn:*

Aðstoðarbankastjóri, Björn Tryggvason  
Framkvæmdastjóri Framkvæmda- og  
Ríkisábyrgðasjóðs, Guðmundur B. Ólafsson  
Hagfræðingur, Sigurgeir Jónsson.

Aðalféhirðir, Þorvarður Þorvarðsson  
Forstöðumaður endurskoðunardeildar  
og bankaeftirlits, Georg Hansen  
Skrifstofustjóri, Sigurður Örn Einarsson  
Aðalbókari, Jóhann T. Ingjaldsson  
Forstöðumaður gjaldeyriseftirlits,  
Sigurður Jóhannesson  
Forstöðumaður greiðslujafnaðardeildar,  
Ólafur Tómasson  
Skrifstofustjóri Framkvæmda- og  
Ríkisábyrgðasjóðs, Benedikt Antonsson  
Aðalbókari Framkvæmda- og  
Ríkisábyrgðasjóðs, Harald S. Andrésson  
Lögfræðingur við Framkvæmda- og  
Ríkisábyrgðasjóð, Björn Ólafs.

### *Deildarstjórar og fulltrúar:*

Aðalfjárhírzla, Stefán G. Þórarinsson  
Afgreiðsla, Sighvatur Jónasson  
Ávisanaskipti, Jón H. Friðsteinsson  
— lögfræðingur, Sveinbjörn Haflidiason  
Bankaeftirlit, Gunnlaugur Arnórsson  
Endurkaupadeild, Stefán B. Stefánsson  
Endurskoðunardeild, Pétur Urbancic  
Gjaldeyriseftirlit, Þóður Halldórsson  
Hagfræðideild, Grétar Áss Sigurðsson  
Seðlagreining, Torfi Ólafsson.

### *Útgáfustarfsemi og bókasafn:*

Ritstj. Fjármálatíðinda, Valdimar Kristinsson  
Bóka- og skjalavörður, Haraldur Hannesson.

*Mynt- og seðlamál.* Í ársskýrslu bankans fyrir 1966 var greint frá myntsamningi hans og ríkissjóðs, sem gerir ráð fyrir yfirtöku af hálfu Seðlabankans á útgáfu myntar. Samningurinn komst ekki til framkvæmda á árinu, þar sem ekki tókst að skapa nauðsynlega aðstöðu fyrir bankann til geymslu og dreifingar á myntinni.


Breyting er nú að verða á húsnæðismálum bankans, og í því sambandi mun hann fljóttlega hefja útgáfu og dreifingu myntar. Er nýr 10 króna peningur tilbúinn til útgáfu nú á næstunni.

Á vegum bankans hefur verið samið frumvarp um innlenden gjaldmiðil, sem ríkisstjórnin hefur nú lagt fyrir Alþingi.

Engin breyting varð á seðlaútgáfu á árinu.

Í 12. töflu hér aftast í skýrslunni er sýnd seðlavelta í mánaðarlok, meðal-seðlavelta hvers mánaðar og seðlavelta í mánaðarlok að frádregnum seðlum í sjóði viðskiptabanka og ríkissjóðs. Breytt reikningsaðferð á árinu 1967 leiddi til hækunar á seðlum í sjóði banka og ríkissjóðs, og er seðlaveltan að þeim frádregnum því ekki sambærileg við tölur fyrri ára. Seðlaveltan á árinu 1967 varð hæst hinn 22. desember, 1.127,4 millj. kr. Lægst varð hún 23. febrúar, 929,9 millj. kr. Í 13. töflu er sýnd skipting seðlamagnsins eftir seðlastærðum.

*Fundur með sparisjóðsstjórum.* Bankinn bauð sparisjóðsstjórum eða fulltrúum sparisjóða til fundar í aprílmánuði. Komu á fundinn alls 36 fulltrúar 32 sparisjóða. Fundur þessi reyndist mjög gagnlegur. Voru ýmis mál kynnt á fundinum, þ. á m. peningamál og ýmis ný-



mæli, sem á döfinni eru í bankamálum. Auk þess voru sameiginleg hagsmunamál rædd.

Fyrir fundinn héldu sparisjóðsstjórnir stofnfund Sambands íslenzkra sparisjóða.

*Byggingamál bankans.* Áfram var unnið að frambúðarlausn á byggingarmáli bankans, en hann er enn, eins og kunnugt er, í þróngu sambýli við Landsbankann í þremur húseignum við Austurstræti og Hafnarstræti.

Náðist samkomulag á árinu við Reykjavíkurborg um makaskipti á eignunum Fríkirkjuvegur 11 og Lækjargata 4, m. a. með því skilyrði af hálfu borgarinnar, að fram komi lausn um bankabygginguna, skipulagsleg og byggingarleg, sem borgaryfirvöld telji viðunandi. Er byggingu bankans ætlaður staður við Fríkirkjuveg 11 og að hluta að Fríkirkjuvegi 13, enda haldist núverandi almenningsgarður að mestu óskertur. Hefur bankinn samkvæmt samningi við Reykjavíkurborg efnt til samkeppni

arkitekta um útlit og staðsetningu bankahússins.

Í athugun er að rýma Ingólfshvol vegna eldhættu, og til bráðabirgðalausnar á húsnaðisvandamálum bankans flytur Seðlabankinn fljótlega starfsemi sína að miklu leyti í Edinborgarhúsið við Hafnarstræti, en það er í eigu Landsbankans. Flyzt þá aðalafgreiðsla bankans í vesturenda þess húss. Þess skal getið, að öll starfsemi Framkvæmdasjóðs og Ríkisábyrgðasjóðs verður flutt á næstunni í Edinborgarhúsið, en til þessa hefur starfsemin verið til húsa að Hverfisgötu 6.

*Útgáfustarfsemi.* Seðlabankinn gaf út á árinu handbókina ICELAND 1966. Bókin er á ensku, eins og nafnið bendir til, og er því einkum ætluð útlendum lesendum. Í bókinni er vikið að flestum hliðum þjóðlífssins, bæði frá sögulegu sjónarmiði og þó einkum er varðar nú-

tímann fram til 1966. Landsbanki Íslands gaf fjórum sinnum út bækur með þessu nafni og í svipuðum tilgangi. Var það á árunum 1926, 1930, 1936 og 1946. Þó að bók Seðlabankans sé verulega stærri og að nokkru leyti öðru vísí gerð en fyrri bækurnar, má telja hana framhald á þessari útgáfu.

Bókinni hefur verið dreift af Seðlabankanum og utanríkisráðuneytinu til allra helztu fjármálastofnana og annarra erlendra aðila, sem Ísland hefur samband við. Einnig hafa margar stofnanir og einstaklingar keypt bókina til dreifingar erlendis, og hún hefur verið boðin bókasöfnum um allan heim, sem mörg hafa gert pantanir. Er þess vænzt, að bókin stuðli verulega að aukinni þekkingu á Íslandi.

Bankinn gaf auk þess út á árinu tímaritið Fjármálatíðindi, 14. árgang. Ákveðin var á árinu samvinna við Efnahagsstofnunina um efnisöflun í ritið.

REIKNINGAR  
1967

## Seðlabanki Íslands

E I G N I R	Krónur	aur.
GULLFORÐI .....	57 869 082	10
ERLENDAR EIGNIR:		
a) Erlendir bankar o. fl. .... kr. 412.253.692,38		
b) Erlend verðbréf og ríkisvíxlar .... — 1.275.602.214,41		
c) Erlendir víxlar .... — 53.296.366,50		
d) Vöruskiptareikningar .... — 63.073.970,60		
KVÓTI ÍSLANDS HJÁ ALPJÓÐAGJALDEYRISSJÓÐNUM:	1 804 226 243	89
a) Gullframlag .... kr. 213.750.000,00		
b) Krónuframlag .... — 641.250.000,00	855 000 000	00
INNLÁNSSTOFNANIR:		
a) Óinnleystir tékkar .... kr. 2.764.131,78		
b) Reikningsskuldir .... — 254.980.107,98		
c) Lán gegn verðbréfum .... — 173.000.000,00		
d) Endurkeyptir víxlar .... — 1.303.992.000,00		
FJÁRFESTINGARLÁNASTOFNANIR:	1 734 736 239	76
a) Reikningsskuldir .... kr. 155.825.495,54		
b) Lán gegn verðbréfum .... — 6.700.000,00		
c) Stofnlánadeildin .... — 192.959.480,00	355 484 975	54
SKULDIR Á HLAUPAREIKNINGI:		
a) Aðalviðskiptareikningur ríkissjóðs .... kr. 203.644.924,57		
b) Aðrir ríkisreikningar .... — 129.838.353,60		
c) Lán ríkissjóðs vegna Alpjóðastofnana .... — 20.496.681,09		
d) Ríkisstofnanir .... — 1.798.143,18		
e) Aðrir reikningar .... — 8.184.797,54		
INNLEND VERÐBRÉF:	363 962 899	98
a) Ríkissjóður og ríkisstofnanir .... kr. 74.529.672,66		
b) Veðdeild Landsbanka Íslands .... — 113.582.571,75		
c) Aðrar fjárfestingarlánastofnanir .... — 149.649.905,53		
d) Bæjar- og sveitarfélög .... — 62.455.918,86		
e) Endurlánað erlent lánsfé .... — 149.599.456,06		
f) Önnur verðbréf .... — 43.185.305,18	593 002 830	04
BANKABYGGINGAR MEÐ BÚNAÐI OG AÐRAR FASTEIGNIR .....	2 000 000	00
ÝMSIR SKULDUNAUTAR .....	17 844 706	01
ÓGREIDDİR VEXTIR .....	15 329 240	00
PENINGAR Í SJÓÐI .....	451 610	62
KR.	5 799 907 827	94

## Efnahagur 31. desember 1967

S K U L D I R	Krónur	aur.
<b>SEÐLAR .....</b>	<b>1 034 953 150</b>	<b>00</b>
<b>INNLÁNSSTOFNANIR:</b>		
a) Almennar innstæður .....	kr. 146.536.857,01	
b) Innstæður á uppsagnarreikningum .....	— 3.221.122,03	
c) Bundnar innstæður .....	— 1.910.587.631,65	
<b>FJÁRFESTINGARLÁNASTOFNANIR .....</b>	<b>2 060 345 610</b>	<b>69</b>
<b>INNSTÆÐUR Á HLAUPAREIKNINGI:</b>		
a) Ríkissjóðsreikningar .....	kr. 217.148.755,49	
b) Ríkisstofnanir, almennar innstæður .....	— 225.342.544,35	
c) Ríkisstofnanir, uppsagnarreikningar .....	— 114.171.000,00	
d) Aðrir reikningar .....	— 24.250.280,95	
<b>MÓTVIRÐISFÉ:</b>		
a) Lokaður reikningur .....	kr. 35.658.206,86	
b) Mótvirðissjóður 1961 .....	— 63.875.693,20	
c) Mótvirði vörkuupalaána .....	— 3.551.429,05	
<b>INNSTÆÐUR ALPJÓÐAGJALDEYRISSJÓÐS .....</b>	<b>103 085 329</b>	<b>11</b>
<b>INNSTÆÐUR ALPJÓÐABANKA .....</b>	<b>855 768 156</b>	<b>02</b>
<b>ERLENDAR SKULDIR:</b>		
a) Erlendir bankar o. fl. .....	kr. 252.790.924,32	
b) Vöruskiptareikningar .....	— 92.995.059,22	
c) Erlend lán til langs tíma .....	— 149.599.456,06	
<b>ÝMSIR SKULDHEIMTUMENN .....</b>	<b>495 385 439</b>	<b>60</b>
<b>FYRIRFRAM GREIDDİR VEXTIR .....</b>	<b>7 322 374</b>	<b>48</b>
<b>GENGISBREYTINGAREIKNINGUR .....</b>	<b>12 411 300</b>	<b>00</b>
<b>ARÐSJÓÐUR .....</b>	<b>221 155 649</b>	<b>94</b>
<b>STOFNFÉ .....</b>	<b>25 483 838</b>	<b>00</b>
<b>VARASJÓÐUR .....</b>	<b>100 000 000</b>	<b>00</b>
<b>ÝMSIR EIGINFJÁRREIKNINGAR .....</b>	<b>145 000 000</b>	<b>00</b>
<b>ÓRÁÐSTAFADUR TEKJUAFGANGUR:</b>		
a) Frá árinu 1966 .....	kr. 1.988.633,49	
b) Samkvæmt rekstrarreikningi 1967 .....	— 8.185.211,46	
	kr. 10.173.844,95	
<b>FRÁ DREGST:</b>		
a) Lagt í varasjóð .....	kr. 3.760.000,00	
b) Lagt í húsbýggingarsjóð .....	— 1.550.000,00	
c) Lagt í arðjöfnunarsjóð .....	— 1.580.000,00	
d) Afskrifað af fasteignum .....	— 2.000.000,00	
	kr. 8.890.000,00	
	kr. 1 283 844	<b>95</b>
	KR.	<b>5 799 907 827</b>
		<b>94</b>

Reykjavík, 25. janúar 1968.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

*Jóhannes Nordan**Sigtryggur Klemenzson**Davíð Ólafsson**Jóhann T. Ingjaldsson*

## Seðlabanki Íslands

G J Ö L D	Krónur	aur.
VEXTIR AF INNSTÆÐUM .....	kr. 210.646.809,00	
VEXTIR AF VARASJÓÐI .....	— 9.240.000,00	
VEXTIR AF ÖÐRUM EIGIN SJÓÐUM .....	— 4.760.000,00	
	224 646 809	00
VEXTIR AF SKULDUM ERLENDIS .....	6 615 210	00
KOSTNAÐUR VIÐ SEÐLA OG MYNT .....	5 762 246	38
REKSTRARKOSTNAÐUR .....	29 842 147	02
ÞÁTTTAKA Í KOSTNAÐI VIÐ EFNAHAGSSTOFNUNINA .....	2 150 000	00
TIL GENGISREIKKNINGS .....	1 409 771	06
TIL RÍKISSJÓÐS SKV. L. NR. 4/1960 .....	2 574 330	36
ARÐUR AF STOFNFÉ SKV. L. NR. 10/1961 .....	7 000 000	00
REKSTRARHAGNAÐUR TIL RÁÐSTÖFUNAR .....	8 185 211	46
	KR.	288 185 725
		28

Framanritaðan efnahags- og rekstrarreikning höfum við endurskoðað og borið saman við bækur bankans, og er hann í samræmi við þær. Einnig höfum við á árinu sannreynt, að verðbréf og aðrar bókfærðar eignir eru fyrir hendi.

*Egill Símonarson,  
endurskoðandi,  
kjörinn af bankaráði.*

*Georg Hansen,  
forstöðumaður endurskoðunardeildar.*

## Rekstrarreikningur árið 1967

TEKJUR	Krónur	aur.
VEXTIR AF ENDURKEYPTUM VÍXLUM .....	71 043 696	00
VEXTIR AF ÖÐRUM INNLENDUM LÁNUM .....	105 560 034	62
VEXTIR AF ERLENDUM LÁNUM OG VERÐBRÉFUM .....	96 722 948	25
TEKJUR AF KAUPUM OG SÖLU GJALDEYRIS .....	2 819 542	12
UMBOÐSLAUN AF ERLENDUM YFIRFÆRSLUM .....	2 329 118	59
ÝMSAR TEKJUR .....	9 710 385	70
<hr/>		
	KR.	288 185 725
		28

Reikningurinn staðfestist hér með.

Fyrir hönd bankaráðs

*Birgir Kjaran,  
formaður.*

Með skírskotun til framanskráðra yfirlýsinga endurskoðenda og bankaráðs úrskurðast reikningurinn réttur.

Reykjavík, 9. apríl 1968.

*Gylfi P. Gíslason,  
viðskiptamálaráðherra.*

## Efnahagsreikningur Framkvæmda

E I G N I R	Krónur	aur.
<b>SKULDABRÉF FYRIR LÁNUM .....</b>	<b>2 231 643 077</b>	<b>90</b>
<b>BANKAINNSTÆÐUR:</b>		
Innstæður í Seðlabanka .....	kr. 5.573.527,99	
Innstæður í öðrum innlendum bönkum .....	— 4.004.340,00	
<b>AÐRAR EIGNIR .....</b>	<b>4 396 712</b>	<b>50</b>
<b>ÝMSIR VIÐSKIPTAMENN .....</b>	<b>32 173 242</b>	<b>44</b>
<b>ÁFALLNIR VEXTIR .....</b>	<b>60 822 227</b>	<b>00</b>
<b>SJÓÐUR .....</b>	<b>10 000</b>	<b>00</b>
<b>ÁBYRGÐIR .....</b>	<b>kr. 33.569.339,00</b>	
	KR.	
	<b>2 338 623 127</b>	<b>83</b>

**sjóðs Íslands 31. desember 1967**

S K U L D I R	Krónur	aur.
ERLEND LÁN .....	1 469 443 938	28
LÁN FRÁ INNLENDUM BÖNKUM .....	45 188 000	00
ÓGREIDDUR HLUTI VEITTRA LÁNA .....	4 131 933	75
ÝMSIR VIÐSKIPTAMENN .....	13 257 323	25
SKULDIR VIÐ SEÐLABANKANN:		
Viðskiptareikningar .....	kr. 41.910.068,60	
Aðrir reikningar .....	— 12.267.272,95	
		54 177 341
		55
ÁFALLNIR VEXTIR .....	19 705 576	00
MÓTVIRÐISSJÓÐUR:		
Frá fyrra ári .....	kr. 375.776.980,45	
Yfirlært til Atvinnujöfnunarsjóðs .....	— 39.224.027,54	
Tekjur 1967 .....	kr. 336.552.952,91	
	— 17.767.911,94	
		354 320 864
		85
HÖFUÐSTÓLL .....	353 000 000	00
VARASJÓÐUR .....	15 000 000	00
AFSKRIFTAREIKNINGUR .....	10 000 000	00
ÓRÁÐSTAFAÐUR TEKJUAFGANGUR:		
Frá 1966 .....	kr. 315.814,37	
Skv. rekstrarr. 1967 .....	kr. 28.532.630,08	
Eignabreytingar .....	— 8.202.871,80 — 36.735.501,88	
Lagt við höfuðstól .....	kr. 37.051.316,25	
Lagt í varasjóð .....	— 1.000.000,00	
Styrkveitingar .....	— 653.166,10 kr. 36.653.166,10	
		398 150
		15
ÁBYRGÐARSKULDBINDINGAR .....	kr. 33.569.339,00	
	KR.	2 338 623 127
		83

Reykjavík, 29. febrúar 1968.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

*Jóhannes Nordan*

*Sigtryggur Klemenzson*

*Davíð Ólafsson*

*Guðmundur B. Ólafsson*

## Rekstrarreikningur Framkvæmda

G J Ö L D	Krónur	aur.
VEXTIR .....	59 798 636	76
REKSTRARKOSTNAÐUR:		
Framkvæmdasjóður .....	kr. 3.660.004,31	
Efnahagsstofnunin (1/3) .....	— 2.150.000,00	5 810 004 31
TIL MÓTVIRÐISSJÓÐS .....	17 767 911	94
HREINAR TEKJUR .....	28 532 630	08
	KR.	111 909 183 09

Framanritaðan efnahags- og rekstrarreikning höfum við endurskoðað og bor-  
ið saman við bækur bankans, og er hann í samræmi við þær. Einnig höfum við  
á árinu sannreynt, að verðbréf og aðrar bókfærðar eignir eru fyrir hendi.

*Egill Símonarson,  
endurskoðandi,  
kjörinn af bankaráði.*

---

*Georg Hansen,  
forstöðumaður endurskoðunardeildar.*

## sjóðs Íslands árið 1967

T E K J U R	Krónur	aur.
VEXTIR .....	110 234 884	43
LÁNTÖKUGJÖLD .....	1 670 000	00
AÐRAR TEKJUR .....	4 298	66
	KR.	09
	111 909 183	09

Með skírskotun til framanskráðar yfirlýsingar endurskoðenda staðfestir stjórn Framkvæmdasjóðs Íslands reikninginn hér með.

Reykjavík, 5. marz 1968.

*Jóhann Hafstein,  
formaður.*

## Efnahagsreikningur Ríkisábyrgðasjóðs

EIGNIR	Krónur	aur.
VERÐBRÉF ..... kr. 359.291.078,15		
mótreikn. v/togaralána ..... — 67.549.947,16	291 741 130	99
KRÖFUR VEGNA VANSKILA Á ÁBYRGÐALÁNUM .....	166 777 493	59
KRÖFUR VEGNA VANSKILA Á LÁNUM RÍKISSJ.: kr. 134.193.261,13		
mismunur v/ICA-lána ..... — 1.073.925,85	133 119 335	28
SKULDABRÉF RÍKISSJÓÐS TIL INNHEIMTU .....	1 585 773 269	84
ÝMSIR SKULDUNAUTAR .....	15 983 718	24
BANKAINNSTÆÐA .....	2 952	75
	KR.	2 193 397 900
		69

Reykjavík, 6. marz 1968.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

*Jóhannes Nordal*

*Sigtryggur Klemenzson*

*Davíð Ólafsson*

*Harald S. Andrésson*

## 31. desember 1967

SKULDIR	[Krónur	aur.
RÍKISSJÓÐUR, VIÐSKIPTAREIKNINGUR:		
Frá fyrra ári ..... kr. 108.578.470,39		
Yfirtekin skuldabréf S.R. ..... — 12.000.000,00		
	kr. 120.578.470,39	
Afhentar kröfur samkvæmt ákvörðun ríkissjóðs ..... kr. 33.600.000,00		
Innh. ríkissjóðs v/Ríkisábyrgða- sjóðs 1967 ..... — 262.310,79 kr. 33.862.310,79	86 716 159	60
ÝMSIR SKULDHEIMTUMENN .....	20 676 242	65
SKULDABRÉF RÍKISSJÓÐS TIL INNHEIMTU .....	1 585 773 269	84
SKULD VIÐ SEÐLABANKANN .....	1 723 992	97
HÖFUÐSTÓLL 1. JANÚAR 1967 ..... kr. 418.122.438,92		
Eftirst, af verðhækkunartekjum 1961 sbr. lög um Ríkisábyrgða- sjóð 2. gr. ..... kr. 14.059.725,07		
Framlag ríkissjóðs 1967 ..... — 65.000.000,00		
Mismunur á rekstrarreikningi.. ..... — 24.608.063,00 kr. 103.667.788,07		
	kr. 521.790.226,99	
Vaxtafærslur fyrri ára ..... kr. 823.172,35		
Afskriftir ..... — 22.458.819,01 kr. 23.281.991,36	498 508 235	63
KR.	2 193 397 900	69

Framanritaðan efnahagsreikning höfum við endurskoðað og borið saman við bækur sjóðsins, og er hann í samræmi við þær. Einnig höfum við á árinu sannreynt, að verðbréf og aðrar bókfærðar eignir eru fyrir hendi.

*Egill Símonarson,  
endurskoðandi,  
kjörinn af bankaráði.*

*Georg Hansen,  
forstöðumaður endurskoðunardeildar.*



TÖFLUR

*1. tafla. Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun.*

	<i>1967 Millj. kr. Verðlag ársins</i>	<i>Aukning i % f. f. ári<sup>1)</sup></i>		
		<i>Bráðab.</i>	<i>1967</i>	<i>1966</i>
Þjóðarframleiðsla, verg, markaðsvirði viðskiptakjaraáhrif <sup>2)</sup> . . . . .	23.760		÷1,5	3,5
–			÷6,7	0,6
Þjóðartekjur, vergar, markaðsvirði . . . . .	–		÷8,0	3,7
+ Innflutningur vöru og þjónustu . . . . .	10.150		3,9	16,3
÷ Útflutningur vöru og þjónustu . . . . .	7.800		÷7,9	9,8
Heildarverðmæti til ráðstöfunar . . . . .	26.110		5,3	8,0
Verðmætaráðstöfun:				
Heildarneyzla . . . . .	18.165		1,7	7,4
Samneyzla . . . . .	2.425		5,4	4,7
Einkaneyzla . . . . .	15.740		1,2	7,7
Heildarfjármunamyndun . . . . .	7.860		12,1	16,6
Landbúnaður . . . . .	535		÷11,3	÷3,4
Fiskveiðar . . . . .	575		117,2	44,0
Fiskiðnaður . . . . .	250		÷38,0	32,3
Annar iðnaður . . . . .	820		62,5	39,8
Ýmsar vélar og tæki . . . . .	340		19,6	34,7
Virkjanir og veitur . . . . .	800		55,4	31,1
Flutningatæki . . . . .	600		÷24,8	9,7
Verzlun og veitingar . . . . .	350		÷23,5	13,5
Íbúðarhús . . . . .	1.900		8,3	11,2
Samgöngumannvirk . . . . .	1.050		16,6	14,2
Byggingar hins opinbera . . . . .	640		6,8	12,3
Breytingar útflutningsvörubirgða og bústofns . . . . .	85		–	–

1) Miðað við verðlag ársins 1960.

2) Í % af fyrra árs þjóðartekjum.

*2. tafla. Verðlag og kaupgjald.*

*Visítölur árslok 1960 = 100*

	<i>Framfærslu- kostnaður</i>	<i>Neyzluvöru- verðlag</i>	<i>Byggingar- kostnaður<sup>1)</sup></i>	<i>Kauptaxi (verka- og iðnaðarfólk)</i>
Árslok 1960 . . . . .	100	100	100	100
— 1961 . . . . .	111	113	112	107 <sup>2)</sup>
— 1962 . . . . .	123	124	120	122 <sup>2)</sup>
— 1963 . . . . .	144	144	131	140 <sup>2)</sup>
— 1964 . . . . .	161	161	147	178
— 1965 . . . . .	176	178	178	224
— 1966 . . . . .	188	194	199	249
— 1967 . . . . .	209	213	199	257
Mánaðarlok 1967:				
Marz . . . . .	188	194	199	249
Júní . . . . .	188	194	199	249
September . . . . .	188	192	199	249
Desember . . . . .	209	213	199	257

1) Miðað við gildistíma visítolunnar.

2) Meðalvísitala ársins.

3. tafla. Greiðslujöfnuður við útlönd 1963—1967.  
